

KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR

*Á hillur eins og þær sem eru á Gljúfrasteini*

• heimili

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI OG VIÐHALD

*Tóku húsið í gegn að utan sem innan*

Sérblað um híbýli og viðhald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRIÐRIKA HJÖRDÍS GEIRSDÓTTIR

*Stýrir þrautakóngi í Argentínu*

Sjónvarpsskokkur í nýju hlutverki

FÓLK 22


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. ágúst 2009 — 205. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



### Miklar breytingar

Bókaútgáfan Tindur hefur gefið út bækur í tuttugu ár.

TÍMAMÓT 14



### Stofnuðu lúðrasveit

Nemar úr Listaháskólanum vildu læra á ný hljóðfæri og stofnuðu lúðrasveitina Sel.

FÓLK 22

### Þjóðarskömmin

„Það besta sem maðurinn gerir í þessu lífi er að hjálpa þeim sem þjást, hjálpa þeim sem ekkert eiga, nema þá vonleysið,“ skrifar Jón Kalman Stefánsson.

Í DAG 12



### Tap gegn Þýskalandi

Stelpurnar okkar luku keppni á EM í gær er þær töpuðu gegn heimsmeisturum Þjóðverja.

ÍÞRÓTTIR 17

## VEÐRIÐ Í DAG




**Norðlæg átt** Í dag verður bjart með köflum og úrkomulítið suðvestan- og vestanlands en austantil á landinu verður skýjað og víða rigning eða súld, einkum suðaustanlands.

VEÐUR 4





Fréttablaðið er með 106% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.


# Lífeyrissjóðir hafi kjölfestu í HS Orku

**Lífeyrissjóðirnir funda með stjórnvöldum í dag. Rætt verður um hvernig þeir kunni að koma að kaupum á hlut í HS Orku. Stefnt er að því að meirihluti fyrirtækisins verði í innlendri eigu. RARIK verður ekki með í kaupum.**

**ORKA** Stjórnvöld funda með fulltrúum lífeyrissjóðanna í dag um hvort þeir komi með beinum hætti að kaupum á hlut Orkuveitunnar í HS Orku. Stefnt er að því að Íslendingar verði meirihlutaeigendur að félaginu og að arðurinn af fyrirtækinu verði eftir í landinu, að svo miklu leyti sem hægt er. Innlendir aðilar eru þó ekki taldir hafa bolmagn til að kaupa allan hlutinn sem kanadíska fyrirtækið Magma Energy hefur boðist til að kaupa.

RARIK er ekki inni í myndinni lengur sem mögulegur kaupandi og ríkið sem slíkt ekki heldur. Rætt er um lífeyrissjóðina sem kjölfestufjárfesta.

Arnar Sigmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að engin afstaða hafi verið tekin til þessara mála hjá sjóðunum og verði ekki endilega gert á morgun. Fjárfestingin myndi ekki brjóta í bága við stefnu þeirra. Þeir bíði frekari upplýsinga frá ríkisstjórninni. Ekki sé víst að lífeyrissjóðirnir komi að málunum strax. „Ég held að menn hljóti að vera að horfa til lengri tíma,“ segir hann. Stjórnvöld vilji líklega frekar „átta sig á myndinni“ á morgun.

Rætt er um að breyta með einhverjum hætti leigutíma auðlindarinnar, enda þyki stjórnvöldum orðalag í samningnum ekki vera nægilega afgerandi um hann. Þar sé byggt á þeirri forsendu að samningurinn verði framlengdur að 65 árum liðnum.

Innan ríkisstjórnarinnar eru áhyggjur af því að samningurinn geti orðið fordæmisgefandi sem fyrsti samningurinn sem orkufyrirtæki gerir á þessum grundvelli, síðan ný lög voru sett um orkumál í fyrra. Þau banna varanlegt framsal auðlindanna.

„Það verður að fara að lögum og ef það er rétt að í þessum samningi sé gengið lengra en þessi 65 ára rammi segir til um, þá þurfum við að hafa skoðun á því, sem löggjafi,“ segir Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra.

Þingflokkur Vinstri grænna fundaði um málið í gærkvöldi og var haft eftir Steingrími J. Sigfússyni á Vísi.is að endanleg afstaða fjármálaráðuneytisins myndi ekki liggja fyrir fyrr en á morgun.

Kauptilboð Magma í hlut OR í HS Orku rennur út á morgun. - kóþ




**HUNGUR Í HITANUM** Sumarið minnti á sig um helgina og má telja víst að margir hafi dustað rykið af grillinu góða. Þessir viðskiptavinir Pylsuvagnsins í Laugardal töldu þó vissara að láta fagmenn um eldamennskuna og létu ekki biðröðina stoppa sig.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Grunur leikur á að svindlað hafi verið í kosningum í Afganistan:

# Ásökunum fjölgar stöðugt

**AFGANISTAN, AP** Ásökunum um kosningasvindl í nýafstöðnum forsetakosningum í Afganistan fjölgar stöðugt. Í gær voru þær orðnar samtals 700.

Bandaríkjastjórn hefur fordæmt kosningasvindlið, en búast má við að það valdi því að tafir verði bæði á því að tilkynnt verði um endanleg úrslit og að mynduð verði ný stjórn.

Þegar talin höfðu verið atkvæði frá 35 prósentum kjörstaða var Hamid Karzai forseti kominn með 46 prósent atkvæða en mótframbjóðandinn Abdullah Abdullah með 31 prósent.

Fái hvorugur þeirra meira en fimmtíu prósent atkvæða þarf að kjósa að nýju. - gb








**BRIAN JONES** Einn af stofnendum The Rolling Stones fannst látinn í sundlaug fyrir fjörutíu árum.

Mál Brians Jones í skoðun:

# Lögreglan fer yfir ný gögn

**ENGLAND Lögreglan í Sussex á Englandi hefur fengið í hendur ný gögn í máli Brians Jones, fyrrum gítarleikara hljómsveitarinnar The Rolling Stones, sem lést fyrir fjórum áratugum, og ætlar í kjölfarið að fara yfir málið á ný.**

**Jones, sem var einn af stofnendum The Rolling Stones, fannst látinn á botni sundlaugar í Hartfield í austurhluta Sussex hinn 3. júlí árið 1969. Niðurstaða réttarrannsóknar leiddi í ljós að hann hefði látist af slysförum en þó hafa margir velt vöngum yfir því hvort hann hafi verið myrtur.**

**Lögreglan í Sussex segir of snemmt að segja til um hvort formleg rannsókn verði hafin á ný, að því er fram kemur á fréttavef BBC. - ve**

Gylfi Magnússon ráðherra:

# Ástandið skárra en áður virtist

**EFNAHAGSMÁL** Samdráttur í einkaneyslu hefur ekki aukist umfram spár. Fjárfesting er meiri en gert var ráð fyrir. Þá gengur útflutningur betur en ætlað var.

Þetta segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra. Hann segir að landsframleiðsla dragist minna saman á árinu en óttast hafi verið og að vonir standi til að alls enginn samdráttur verði á næsta ári. Hagvöxtur láti að vonum á sér kræla árið eftir.

- kóþ / sjá síðu 4




**SPURNING DAGSINS**



*Jóna Kristín, er þetta gott brauð?*

„Já, ég myndi segja að þetta væri mjög gott brauð á fallegum stað.“

Valnefnd hefur lagt til að séra Jóna Kristín Þorvaldsdóttir, bæjarstjóri í Grindavík, verði skipuð sóknarprestur í Kolfreyjustaðarprestakalli.

Þúsundir vilja þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave-frumvarpið:

# Ganga á fund forseta í dag

**ICESAVE** Ábyrgðarmenn vefsíðunnar kjósa.is munu afhenda forseta Íslands áskorun vegna Icesave-frumvarpsins klukkan 15 í dag en um miðjan dag í gær höfðu á áttunda þúsund manns skrifað undir.

Í áskoruninni er skorað á forsetann að staðfesta ekki lagafrumvarp um fjárhagslega ábyrgð íslenska ríkisins vegna Icesave-samninga við hollensk og bresk stjórnvöld. Farið er fram á að þjóðin fá sjálf að skera úr um málið í þjóðaratkvæðagreiðslu því aðeins þannig skapist sæmileg sátt um málið. „Við tökum hvorki afstöðu með eða á móti heldur erum eingöngu að fara fram á að almenningur, sem mun súpa seyðið af þessu Icesave-hneyksli, hafi eitthvað um það að segja hvernig hann axlar þær byrðar. Ríkisábyrgð vegna samninganna getur raskað lífi þjóðarinnar stórkostlega um mörg ókomin ár en að hafna ábyrgðinni getur á sama hátt orðið afdrifaríkt. Úr því sem komið er skiptir mestu að einhver sátt náist um málið í samfélaginu,“ segir Hjörtur Hjartarson, einn ábyrgðarmanna vefsíðunnar.



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Upphaflega var óskað eftir því að fá að afhenda forseta áskoranirnar fimmtudaginn 3. september. Ekki var hægt að verða við því en forsetinn var reiðubúinn til að veita þeim viðtöku í dag. „Við gerum engar athugasemdir við það enda er það venjan að forsetinn skrifi tiltölulega fljótt undir eftir að hann fær lagafrumvarp í hendur. Við vonumst fyrst og fremst til þess að forsetinn fallist á þau rök sem í áskoruninni eru og að sem flestir taki undir hana með okkur.“ **- ve**

Árekstur á Suðurlandsvegi:

## Báðir bílarnir út af veginum

**SLYS** Bílslys varð við Lögbergsbrekku á Suðurlandsvegi laust fyrir klukkan ellefu í gærmorgun. Tildrög slyssins voru þau að tveir bílar óku í austurátt og voru tvær konur í fremri bílnum en einn karlmaður í þeim aftari. Þegar fremri bíllinn ætlaði að snúa við ók aftari bíllinn í hliðina á hinum með þeim afleiðingum að þeir fóru báðir út af veginum. Fjölmennt lið lögreglu og sjúkraliðs var kallað á staðinn og var fólkið flutt á slysadeild. Að sögn lögreglunnar í Reykjavík voru meiðslin minni háttar. Báðir bílarnir voru óökufærir eftir slysið og voru þeir fluttir í burtu á kranabíl. **- fb**

# Nágrannar vöknuðu við mikla sprengingu

**Mikið eignatjón varð þegar kveikt var í Laugarásvídeó aðfaranótt sunnudags. Sjö manns sem búa fyrir ofan leiguna sluppu með skrekkinn.**

**LÖGREGLUMÁL** Grunur leikur á að um íkveikju hafi verið að ræða þegar eldur kviknaði í Laugarásvídeó sem er á horni Dalbrautar og Sæbrautar.

Eftirlitsmyndavélar sáu hvítan jeppling fyrir utan vídeóleiguna skömmu fyrir brunann og sást maður með derhúfu og tagl henda einhverju inn um bréfalúguna. Reykur barst í verslanir sem liggja að leigunni og íbúðir sem eru fyrir ofan hana. Rauði krossinn útvegaði gistingu fyrir þrjá íbúa í Farfuglaheimilinu í Laugardal vegna reyksins.

Ljósmyndarinn Páll Stefánsson býr á hæðinni fyrir ofan leiguna ásamt konu sinni og tveimur börnum og var að vonum brugðið þegar eldurinn kom upp. „Konan vaknaði við sprenginguna. Þetta var eins og flugeldasprenging. Þá kíkir hún út og þá er allt í ljósum logum. Það eina sem við gerðum var að fara í föt og út,“ segir Páll. „Það sem er kannski sorglegast í þessu er að þetta er íkveikja, sem er grafalvarlegt mál þegar það eru sjö manns sem búa þarna fyrir ofan. Það hefði getað farið verr.“

Tilkynnt var um eldinn klukkan 3.30 í fyrrinótt og að sögn lögreglunnar í Reykjavík náði slökkviliðið fljótt tök á eldinum. Páll er mjög ánægður með vinnubrögð slökkviliðsins, sem að hans sögn voru bæði fumlaus og fagmannleg. „Það róaði mann að sjá að þeir höfðu gert þetta áður.“ Hann segir að reykur hafi borist inn í sína íbúð og þess vegna var loftað þar út í allan gærdag. „Það var vont að sofna eftir að hafa staðið úti í góða veðrinu í þrjá tíma. Mann sveið í augu og vit.“




**BRUNNIN VÍDEÓLEIGA** Mikið eignatjón varð þegar kveikt var í Laugarásvídeó sem er á horni Dalbrautar og Sæbrautar. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

> Það eru sjö manns sem búa þarna fyrir ofan. Það hefði getað farið verr.
>
> **PÁLL STEFÁNSSON** LJÓSMYNDARI



Húsnæði vídeóleigunnar er talið ónýtt og reiknar eigandinn Gunnar Jósefsson með því að eignatjónið sé á þriðja hundrað milljóna króna, bæði vegna húsnæðisins og þess fjölda myndbanda sem var þar inni. Myndböndin, sem mörg hver eru afar fágæt, voru ekki tryggð. Páll hefur margoft leigt sér vídeómynd á leigunni, sem taldi tæplega 4.000 myndir og var ein sú rótgrónasta á landinu. Hann segir að leigan hafi verið svo góð að á meðan tökur stóðu á myndinni Flags of Our Fathers hér á landi hafi starfsmenn hennar komið kvöld eftir kvöld til að leigja sér mynd. Sögðust þeir aldrei hafa komið á svona góða leigu, sem eru ekki slæm meðmæli frá bransafólki úr Hollywood.

Spurður hvort hann hafi ekki nýtt tækifærið og myndað það sem fyrir augu bar segist Páll ekki hafa hugsað neitt út í það. „Þegar maður sér eldtungur fyrir utan svefnherbergisgluggann hugsar maður meira um líf og limi,“ segir hann. **freyr@frettabladid.is**



**ANGELA MERKEL** Þingkosningar verða eftir þrjár vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fylkiskosningar í Þýskalandi:

## Merkel missir fylgi kjósenda

**ÞÝSKALAND, AP Hinn íhaldssami stjórnarflokkur Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, tapaði kosningum í þremur af sextán sambandslöndum Þýskalands í gær, aðeins þremur vikum áður en Þjóðverjar ganga til þingkosninga.**

**Angela vonast til að flokkur hennar, Kristilegir demókratar, geti þá myndað hægristjórn með Frjálslyndum demókrötum, í staðinn fyrir að stjórna áfram með Sósíaldemókrötum.**

**Sósíaldemókratinn Frank Walter-Steinmeier, utanríkisráðherra í stjórn Merkel, fagnaði tapi hennar í sambandslöndunum Saarlandi, Thüringen og Saxlandi, þrátt fyrir að Sósíaldemókrötum hafi ekki gengið sérlega vel heldur.** **- gb**

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

### Hestur sparkaði í stúlku

Hestur sparkaði í kviðinn á tveggja ára stúlku þannig að hún hentist til um einn metra á Suðurbraut í Skeiða- og Gnúpverjahreppi um eftirmiðdaginn í gær. Hún var flutt í sjúkrabíl til Reykjavíkur en við fyrstu skoðun var ekki talið að hún væri alvarlega slösuð.

Medvedev um heimsstyrjöld:

## Lygi að kenna Rússum um

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti segir það kaldranalega lygi að kenna Rússum um upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar. Rússar leggja mikið upp úr því að hafa gegnt lykilhlutverki í að frelsa Evrópu undan oki nasista.



**DMITRÍ MEDVEDEV**

Í viðtali við ríkisrekna sjónvarpsstöð sagði Medvedev engan geta dregið í efa að nasistar hefðu hafið stríðið. Á morgun verða liðin sjötíu ár frá því að seinni heimsstyrjöldin hófst með innrás Þjóðverja í Pólland, stuttu eftir að Þjóðverjar höfðu samið við Rússa um gagnkvæm grið.

Í júlí síðastliðnum sendi þingmannaráð Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu frá sér ályktun þar sem Þýskaland Hitlers og Sovétríki Stalíns voru lögð að jöfnu. **- gb**

Flugsýning í Póllandi:

## Herþota hrapar í sýningarflugi

**VARSJÁ, AP Herþota frá Hvíta-Rússlandi, sem flaug sýningarflug skammt suður af Varsjá, höfuðborg Póllands, hrapaði í gær með þeim afleiðingum að báðir flugmenn hennar létust.**

**Vélin, sem var af gerðinni SU-27, var að sýna á flugsýningu í borginni Radom, skammt frá Varsjá, þegar slysið varð. Myndir sem náðust af slysinu sýna flugvélina snúast í loftinu og síðan hrapa í skóglendi. Skömmu síðar stígur reykur upp frá slysstað. Hvorki áhorfendur né aðrir á jörðu niðri voru í hættu en sérfræðingar rannsaka tildrög slyssins.** **- ve**






Breskt dagblað sakar stjórnvöld um óheiðarleika í tengslum við Lockerbie-málið:

# Líbíumaður laus vegna olíu

**BRETLAND, AP** Bresk stjórnvöld neita því að yfirstandandi olíusamningar við Líbíu hafi átt nokkurn þátt í því að Líbíumaðurinn Abdel Baset al-Megrahi var látinn laus fyrr í mánuðinum.

Breska dagblaðið Times hélt því fram í gær að fanginn, sem var að afplána lífstíðarfangelsi vegna aðildar að Lockerbie-málinu, hefði verið látinn laus vegna efnahagslegra hagsmuna Bretlands.

Blaðið vitnar, máli sínu til stuðnings, í bréfaskipti milli þeirra Jacks Straw, dómsmálaráðherra Bretlands, og Kenny MacAskill, dómsmálaráðherra Skotlands. Blaðið hafði komist yfir eintök af bréfunum, sem áttu að fara leynt.

„Að gefa það í skyn að á einhverju stigi hafi verið gerður einhvers konar bakdyrasamningur um lausn al-Megrahi vegna viðskiptahagsmuna er einfaldlega rangt,“ sagði Straw í viðtali við breska útvarpið BBC.

Al-Megrahi hafði afplánað átta ár þegar MacAskill tók ákvörðun um að láta hann lausan. MacAskill sagði það gert af mannúðarástæðum þar sem Al-Megrahi væri krabbameinsveikur og ætti aðeins fáa mánuði eftir ólifaða.



**KENNY MACASKILL, DÓMSMÁLARÁÐHERRA SKOTLANDS** Jack Straw, dómsmálaráðherra Bretlands, segir ekkert hæft í ásökunum dagblaðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarísk stjórnvöld og aðstandendur þeirra sem fórust þegar bandarísk farþegaflugvél var sprengd í loft upp yfir skoska bænum Lockerbie brugðust illa við því að hann skyldi látinn laus. **- gb**

# Mikilvægasta máltíð dagsins

ÍSLENSKA/SIA.IS/NAT 40470 12/07

## GENGIÐ 28.08.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,46 | 126,06 |
| Sterlingspund | 204,75 | 205,75 |
| Evra | 180,02 | 181,02 |
| Dönsk króna | 24,181 | 24,323 |
| Norsk króna | 20,864 | 20,986 |
| Sænsk króna | 17,72 | 17,824 |
| Japanskt jen | 1,3354 | 1,3432 |
| SDR | 196,09 | 197,25 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,4429

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Skógareldar ógna tíu þúsund heimilum í Kaliforníu:

# Reyk leggur yfir Los Angeles

**BANDARÍKIN** Skógareldar ógna nú um tíu þúsund heimilum í fjalllendi norðaustur af Los Angeles í Kaliforníu en eldarnir þrefölduðust á laugardag sökum þurrka. „Eldurinn varð stjórnlaus og fór í allar áttir enda þurrkarnir eins og olía á eldinn,“ sagði Mike Dietrich, yfirmaður bandarísku skógarþjónustunnar, í samtali við AP-fréttastofuna.

Um þúsund heimili hafa verið rýmd og nokkur hús í Big Tujunga Canyon hafa eyðilagst í eldunum. Þrír eru sagðir hafa slasast. Hundruð slökkviliðsmanna berjast við eldana sem ná yfir áttatíu ferkílómetra svæði en reyk frá þeim leggur yfir Los Angeles.

Íbúum í Altadena, Glendale, Pasadena, La Crescenta og Big Tujunga Canyon hefur verið gert að yfirgefa heimili sín og hefur neyðarskýlum verið komið á fót í skólum.

Víðar í ríkinu hafa eldar brotist út og berjast menn við þá bæði í Mið- og Suður-Kaliforníu. - ve



**ELDUR VIÐ GASKÚT** Slökkviliðsmaður í Los Angeles gerir ráðstafanir til þess að gaskútur verði ekki eldi að bráð. NORDICPHOTOS/AFP

Vinnumarkaður:

# Atvinnuleysi eykst í Japan

**JAPAN Atvinnuleysi í Japan mældist 5,7 prósent í júlí og hefur ekki verið hærra síðan í seinni heimsstyrjöldinni.**

**Atvinnuleysi hefur farið vaxandi í landinu það sem af er ári. Það var 4,8 prósent í mars og 5,4 í júní. Þrátt fyrir að hagvöxtur í landinu hafi aukist frá apríl fram til júní er lítið lát á uppsögnum hjá fyrirtækjum og vafi leikur á því hvort efnahagsbatinn sé til frambúðar. Fréttir af atvinnuleysinu bárust á sama tíma og úrslit þingkosninganna, sem fram fóru um helgina, urðu ljós en Frjálslyndi demókrataflokkurinn tapaði þriðjungs fylgi. - ve**



**PHILLIP GARRIDO** Barnaræninginn ásamt lögmanni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barnaránið í Kaliforníu:

# Lögregla leitar í bakgarðinum

**BANDARÍKIN, AP** Lögreglan í smábænum Antioch í Kaliforníu leitaði í gær í bakgarði nágranna barnaræningjanna Phillips og Nancy Garrido, auk leitar í bakgarði og íbúðarhúsi þeirra.

Jaycee Lee Dugard hafðist við í tjöldum og skúrum í bakgarði Garrido-hjónanna frá því þau rændu henni ellefu ára gamalli árið 1991 þar til hún fannst í síðustu viku ásamt tveimur börnum, sem Phillip Garrido hafði átt með henni. Garrido hafði haft umsjón með húsi og garði nágrannans til ársins 2006. - gb

Niðurskurður í menntakerfinu:

# Skorið niður um sjö prósent

**MENNTAMÁL Menntamálaráðherra boðar að jafnaði sjö prósenta niðurskurð í framhalds- og háskólakerfinu. Skorið verður niður um 5,5 prósent í framhaldsskólum og 8,5 prósent í háskólum.**

**Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra segir niðurskurð verða meiri í háskólum en í framhaldsskólum vegna þess að raunaukning hafi verið meiri til háskólanna á undanförnum árum. Rýnihópur á vegum ráðuneytisins hefur gert tillögur um hvernig starfsemi háskólanna skuli háttað næstu misserin. Þetta kemur fram á fréttavef RÚV. - ve**

# Útlitið er betra en gert var ráð fyrir

**Viðskiptaráðherra segir þrennt skýra að svartsýnustu spár um samdrátt í landsframleiðslu hafi ekki ræst; Einkaneysla hafi ekki minnkað jafn mikið og þær gerðu ráð fyrir, fjárfesting sé meiri og útflutningur sömuleiðis. Hægt verði að halda sjó á næsta ári.**

**EFNAHAGSMÁL** Útlitið í efnahagsmálum er ívið betra en áður var talið og svo kann að fara að enginn samdráttur verði í landsframleiðslu á næsta ári.



GYLFI MAGNÚSSON

Þetta segir Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra.

„Góðu fréttirnar eru auðvitað þær að þetta lítur ívið betur út en spáð var og auðvitað mun betur en svartsýnustu spárnar gerðu ráð fyrir,“ segir hann.

Spurður hvernig megi skýra þetta, hvað hafi breyst, segir Gylfi:

„Það er margt sem er aðeins betra en spáð var. Það er náttúrlega verulegur samdráttur í einkaneyslu, en hann er þó ekki meiri en spár gerðu ráð fyrir. Fjárfesting er eitthvað aðeins meiri en menn áttu von á og svo hefur útflutningurinn gengið betur en talið var.“

Fram hefur komið að nú stefnir í að samdráttur í landsframleiðslu verði sjö prósent í ár. Áður hafði verið spáð milli níu til ellefu prósenta samdrætti á landsframleiðslu í ár, meðal annars af fjármálaráðuneyti og AGS.

„Þetta er mjög ánægjulegt,“ segir Gylfi og bendir á að á evrusvæðinu verði fjögurra prósenta samdráttur.

„Þótt samdrátturinn sé meiri hér en þar er munurinn því kannski ekki jafn svakalegur og menn höfðu óttast.“

Hins vegar ríki meiri óvissa um horfurnar á næsta ári. Víst sé að samdráttur verði hjá hinu opinbera á næsta ári. En Gylfi segir að vonast sé til að „hægt verði að halda sjó“ þannig að enginn samdráttur verði í landsframleiðslu.

„Þá þarf að vera vöxtur annars staðar til að landsframleiðsla dragist ekki saman. Menn hafa þá sérstaklega litið til fjárfestingar í einkageiranum, en einnig gæti komið til meiri vaxtar í útflutningi,“ segir Gylfi.

Síðast en ekki síst megi reikna með að aukin innlend spurn verði eftir innlendri vöru og þjónustu meðal landsmanna, í stað erlendrar. Það gerist af sjálfu sér, haldist gengi krónu áfram lágt.

Gylfi segir að gert sé ráð fyrir að hagvöxtur verði mælanlegur 2011 og 2012, hversu mikill eða lítill sem hann kunni að verða. - kóþ



**FLUTNINGASKIP Á LEIÐ TIL HAFNAR** Viðskiptaráðherra segir að útflutningur hafi gengið betur en búist hafi verið við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
Veðurfréttamaður

**TÍÐINDALÍTIÐ**
Næstu daga verða litlar breytingar á veðurfari. Áfram ríkja norðlægar áttir en vindur verður þó heldur austlægari þegar kemur fram í miðja viku. Í dag verður sæmilega bjart suðvestan- og vestanlands en annars þungbúnara og víða súld eða rigning.



**Á MORGUN**
3-10 m/s.
Hvassast á Snæfellsnesi.

**MIÐVIKUDAGUR**
Fremur hægur vindur um allt land.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Bassel | 28° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 18° |
| Eindhoven | 24° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 29° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 24° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 24° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 17° |
| París | 28° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Saknarðu sígarettunnar?

## Nicorette innsogslyf dregur úr nikótínþörf, fráhvarfseinkennum og heldur fingrunum uppteknum




Þarfir reykingamanna eru misjafnar og einnig val þeirra á nikótínlyfjum þegar þeir hætta að reykja. Fyrir suma er „hönd að munni" vaninn eitt af því sem þeir sakna ásamt því að hafa eitthvað á milli fingranna. Nicorette innsogslyfið er hannað til að uppfylla þessa þörf á sama tíma og það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum.

Nota má innsogslyfið eftir þörfum eitt og sér eða samtímis Nicorette forðaplástri.

Nicorette er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein

nicorette
Innsogslyf
TM

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur innsogslyfs eru 12 nikótíntappar. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

**KJÖRKASSINN**



*Ferð þú oft í Þjóðleikhúsið?*

| | |
|---|---|
| Já | 4,2 |
| Nei | 95,8 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Kemur til greina að þú farir í „greiðsluverkfall“?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

Forseti borgarstjórnar segir engar líkur á ágreiningi milli flokkanna:

# Siðareglur settar í september

**REYKJAVÍK** Siðareglur fyrir borgarfulltrúa ættu að líta dagsins ljós í næsta mánuði, að sögn Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, forseta borgarstjórnar. Þær voru ræddar á fundi forsætisnefndar borgarinnar fyrir helgi.

„Við höfum verið að vinna að því að búa til reglur sem engar deilur eru um og að vanda okkur við það. Þetta verður allt gert í góðri þverpólitískri sátt, eins og sagt er,“ segir hann. Engar líkur séu á ágreiningi úr því sem komið er. Málið sé á lokastigi og mikil samstaða meðal flokkanna um drög að reglunum.

Nokkuð er um liðið frá því að fyrst var rætt um að setja þessar reglur, og Vilhjálmur vísar til þess að aðeins hafi hægst á vinnunni vegna sumarfría og annarra hluta.

Í september 2008 tilkynnti Reykjavíkurborg um að starfshópur hefði verið settur á laggirnar til að ljúka gerð siðareglnanna, og að hann ætti að skila af sér niðurstöðum fyrir 1. desember sama árs.

Tillögurnar voru svo lagðar fram á fundi borgarráðs 10. desember.

Fyrr í þessum mánuði var svo greint frá því í blaðinu að setja ætti á fót sérstaka siðanefnd á vettvangi Sambands sveitarfélaga, og að hún muni hafa stoð í lögum. **- kóþ**



**VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON** Forseti borgarstjórnar er bjartsýnn á að góð sátt verði um siðareglur fyrir borgarfulltrúa. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Íraskur óvinur George Bush:

# Skókastari að losna úr haldi

**BAGDAD, AP Íraska fréttamanninum Muntadhar al-Zeidi, sem henti skóm sínum í átt að George W. Bush, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, verður sleppt úr fangelsi um miðjan september vegna góðrar hegðunar.**

**Al-Zeidi var stungið í steininn 14. desember eftir að hann mótmælti heimsókn Bush til Íraks á þennan óvenjulega hátt.**

**„Verknaður al-Zeidi endurspeglaði skoðun hins almenna íraska borgara. Reiði hans gagnvart Bush varð til vegna þjáninga landa hans,“ sagði þingmaðurinn Dhafir al-Ani, sem fagnaði lausn fréttamannsins.** **- fb**


KOMDU Í SKÁTANA!

www.skatar.is


# Stjórnarandstaðan vann yfirburðasigur

**Lýðræðisflokkurinn í Japan þarf nú að efna kosningaloforð um að stórefla velferðarhlutverk ríkisins. Óvíst er þó hvort kjósendur kæra sig um það. Margir virðast hafa greitt flokknum atkvæði einkum vegna óánægju með fyrri stjórn.**

**JAPAN, AP** Frjálslyndir demókratar hafa stjórnað Japan nærri óslitið í meira en hálfa öld. Stórt tap flokksins í þingkosningum í gær eru því mikil tíðindi í Japan.

„Úrslitin eru mjög alvarleg,“ sagði Taro Aso, fráfarandi forsætisráðherra og leiðtogi Frjálslyndra demókrata. „Óánægja með flokk okkar hefur verið mikil.“

Sigurvegarar kosninganna eru Lýðræðisflokkurinn, sem er meira til vinstri en Frjálslyndir demókratar þótt upphaflega sé sá fyrrnefndi klofningsflokkur úr þeim síðarnefnda.

Lýðræðisflokkurinn hlaut, samkvæmt útgönguspám allra helstu fjölmiðla landsins, meira en 300 sæti á 480 manna þingi landsins. Á síðasta þingi hafði flokkurinn aðeins 112 þingsæti, en Frjálslyndir virtust ekki ætla að fá mikið meira en 100 þingsæti að þessu sinni, þrátt fyrir að hafa haft 296 sæti á síðasta þingi.

Niðurstaða kosninganna er talin endurspegla mikla reiði almennings út í fyrri stjórn, einkum vegna efnahagsástandsins sem hefur tekið stóra dýfu undanfarið. Kjósendur virðast hafa misst alla trú á að Frjálslyndir demókratar geti ráðið við aðsteðjandi vandamál í efnahag og fjármálum, þrátt fyrir að vera íhaldssamur flokkur sem oftast hefur stjórnað með hagsmuni fyrirtækja og viðskiptalífs í huga.

Lýðræðisflokkurinn hefur á hinn bóginn lofað víðtækum umbótum á velferðarkerfinu, boðar stuðning við barnafjölskyldur og bændur og lofar hærri lágmarkslaunum.



**BROSMILDIR SIGURVEGARAR** Þeir Yukio Hatoyama og Ichiro Ozawa, leiðtogar Lýðræðisflokksins, voru að vonum ánægðir með fyrstu niðurstöður kosninganna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þjóðin er mjög reið út í stjórnarflokkinn, og við erum þakklát fyrir stuðning hennar,“ segir Yukio Hatoyama, leiðtogi Lýðræðisflokksins. „Við munum ekki sýna hroka heldur hlusta á fólkið.“

Hatoyama tekur nú við af Aso og myndar nýja ríkisstjórn, væntanlega innan fárra vikna.

Þá þarf hann að standa við kosningaloforðin, sem gæti reyndar reynst erfitt þrátt fyrir yfirburðastöðu á þingi. Ekki er víst að allir kjósendur kæri sig um stefnu Lýðræðisflokksins, því margir virðast hafa greitt honum atkvæði frekar til að refsa fráfarandi stjórn en af stuðningi við stefnu Lýðræðisflokksins.

Taki nýja stjórnin til óspilltra málanna við að framkvæma stefnu sína, þá yrði það mikil breyting í Japan, því stefna flokksins gengur þvert á þau stjórnmál sem hafa verið ráðandi þar í landi áratugum saman. **gudsteinn@frettabladid.is**


Alicante

í sept. og okt.

frá kr. 24.990

Verð kr. 24.990

Netverð á mann. Flugsæti aðra leið með sköttum til Alicante. Sértilboð 24. september og 8., 15., 22. og 29. október. Flugsæti aðra leið með sköttum frá Alicante. Sértilboð 17. og 24. september og 8., 15., 22. og 29. október. Verð fram og til baka á þessum dagsetningum kr. 49.990. Takmarkaður fjöldi sæta á þessu verði.

Síðustu sætin

Nú getur þú tryggt þér síðustu sætin í sólina við Alicante í september eða október á hreint ótrúlegu verði. Bjóðum sértilboð á takmörkuðum fjölda flugsæta á völdum dagsetningum. Gríptu tækifærið og tryggðu þér flugsæti á frábærum kjörum.

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



Tónlistarnám fyrir þig!

popp blús djass sönglög





Ástvaldur Traustason skólastjóri Tónheima

"Markmið mitt er að gefa sem flestum tækifæri til að stunda tónlistarnám því tónlist er stór hluti af lífi okkar og veitir ómælda gleði og ánægju .

Nú gefst þér tækifæri til þess að stunda skemmtilegt tónlistarnám - sem fyrr eru allir velkomnir, byrjendur sem lengra komnir, ungir og aldnir."

- Píanó
- Harmónika
- Raf- og kassagítar
- Lagasmíðar
- Bassagítar

Skráning hafin á haustönn - enginn biðlisti!

Upplýsingar og skráning á tonheimar.is og í síma 846 8888

Frístundakort

tónheimar

Tónheimar - Fákafeni 9 - tonheimar@tonheimar.is


Pétur Erlingsson tapaði miklu í eldsvoða í gamla fiskimarkaðnum á Grundarfirði:

# Atvinnulaus og óvissan algjör

**ELDSVOÐI** „Ég er bara atvinnulaus,“ segir Pétur Erlingsson, smábátasjómaður á Grundarfirði, eftir eldsvoðann í gamla fiskimarkaðnum við Sólvelli aðfaranótt laugardags.

Tveir smábátasjómenn misstu veiðarfæri sín eftir að tvær minni byggingar á svæðinu brunnu. Stærsta byggingin er aftur á móti óskemmd. Pétur segir að veiðarfæri eins og hann átti kosti að minnsta kosti tíu milljónir króna og hann efast um að hann sé tryggður fyrir tjóninu. Tíu tonna bátur hans lenti líka í eldsvoðanum og segir hann skrokkinn vera það eina sem eftir standi.

Hann segist ennþá vera í losti eftir brunann, enda um mikið fjárhagslegt tjón að ræða. „Ég byrjaði í þessu fyrir sex árum. Þá var ég í annarri vinnu með en ég fékk mér annan bát fyrir tveimur árum og fór þá í þetta alveg á fullt,“ segir Pétur. „Ég er búinn að leggja mikla vinnu á mig fyrir ekki neitt. Það er kannski ekki aðalmálið heldur þetta spurning hvort hægt er að byggja á þessu til framtíðar,“ segir hann og á þar við hvort hann myndi fá leyfi fyrir áframhaldandi starfsemi. Pétur var nýbúinn að ráða mann frá Reykjavík í vinnu til sín á bátinn en eftir eldsvoðann hringdi hann í hann og bað hann um fresta komu sinni til Grundarfjarðar.



**GRUNDARFJÖRÐUR** Ekki er ljóst hvað olli eldsvoðanum í gamla fiskimarkaðnum á Grundarfirði aðfaranótt laugardags.

Lögreglan á Grundarfirði bíður eftir því að starfsmenn tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu rannsaki upptök eldsins og eru þeir væntanlegir í dag. **- fb**




Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is

TIL LEIGU



SKAFTAHLÍÐ 24

Um er að ræða 2., 3. og 4. hæð í þessu glæsilega húsi.

Lyfta er í húsinu og allar hæðirnar eru fullbúnar og tilbúnar til innflutnings.

Hver hæð er 450 m² og leigjast þær saman eða hvor í sínu lagi.

Frábær staðsetning, gott útsýni, möguleiki á merktum bílastæðum og hagstætt leiguverð.

**Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við Ingu Rut Jónsdóttur irj@landicproperty.is eða í síma 660 6828.**

LANDIC PROPERTY


Búið að upplýsa hurða- og gluggastuld:

# Iðnaðarmenn að verki

**LÖGREGLUMÁL** Iðnaðarmenn sem töldu sig eiga óuppgerð vinnulaun frá fyrri eiganda sumarbústaðar í Grímsnesi tóku glugga og hurðir upp í skuld. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá lögreglunni.

Fréttablaðið greindi frá þjófnaðinum á laugardaginn og ræddi við Tinnu Þorvaldsdóttur, núverandi eiganda bústaðarins, sem vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið. Kærði hún málið til lögreglu og biðlaði til þeirra sem vissu um afdrif húshlutanna að gefa sig fram.

Í yfirlýsingu lögreglunnar er ítrekað að þjófnaðurinn tengist ekki núverandi eigendum. Munirnir eru nú komnir í vörslu



**SUMARBÚSTAÐURINN** Iðnaðarmenn sem töldu sig eiga óuppgerð vinnulaun tóku glugga og hurðir úr bústaðnum.



**EHUD OLMERT** Spillingarmál hafa plagað fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ehud Olmert ákærður fyrir trúnaðarbrot og fjársvik:

# Á yfir höfði sér fangelsisdóma

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert, fyrrverandi forsætisráðherra Ísraels, var í gær ákærður fyrir nokkur spillingarmál, sem lögregla hefur haft til rannsóknar undanfarin misseri.

Olmert gæti átt yfir höfði sér nokkurra ára fangelsi. Hann er sakaður um að hafa þegið fé frá bandarískum stuðningsmanni sínum, fengið greidda tvöfalda reikninga vegna ferðalaga erlendis og að hafa haldið fjármunum, sem hann á, leyndum fyrir opinberum eftirlitsstofnunum.

Olmert þurfti að víkja úr embætti á síðasta ári vegna spillingarmálanna, sem rekja má aftur til þess þegar hann var borgarstjóri í Jerúsalem og síðar ráðherra, en áður en hann varð forsætisráðherra árið 2006.

Olmert neitar sekt í öllum þessum málum og sagðist í yfirlýsingu, sem hann sendi frá sér í gær, vera sannfærður um að sakleysi sitt yrði staðfest í réttarhöldunum.

Tveir fyrrverandi ráðherrar í Ísrael hafa hlotið dóma fyrir svipuð mál. Annar þeirra, fyrrverandi fjármálaráðherra, var dæmdur til fimm ára fangelsisvistar í júlí síðastliðnum fyrir fjársvik, en hinn hlaut fjögurra ára fangelsi fyrir að þiggja mútur. - gb

Ráðstefna um fiskveiðistjórnun í Stykkishólmi:

# Íslendingar eru ekki aflögufærir

**UTANRÍKISMÁL** Íslendingar eru „lens í fjárframlögum“ til verkefna Vestnorræna ráðsins, segir Atli Gíslason þingmaður, en hann sat ársfund Vestnorræna ráðsins, sem lauk í Færeyjum á föstudag.

Atli var spurður hvort efnahagshrunið hefði borið á góma hjá ráðinu, og sagði hann það hafa verið með óbeinum hætti.

„Við erum ekki eins aflögufær til verkefna og við vorum áður.“

Á fundinum var rætt um ýmis sameiginleg hagsmunamál þjóðanna sem mynda ráðið: Færeyja, Grænlands og Íslands.

Sérstaklega nefnir Atli sjávarútvegsmál, en hann ræddi við færeyska sjávarútvegsráðherrann um færeyska fiskveiðistjórnunarkerfið. Atli segir að mikið megi læra af færeyskum fiskveiðum; þar þekkist brottkast til að mynda ekki.

Ákveðið var að halda ráðstefnu um kerfi þjóðanna í Stykkishólmi að ári.

Einnig var rætt um Hoyvíkursamninginn, fríverslunarsamning Íslands og Færeyja, og um hvort Grænlendingar tækju þátt í honum. Ekkert var ákveðið um það að sinni.

„Sá samningur gengur afar vel,“ segir Atli. Færeyingar hafi þó áhyggjur af framtíð hans ef af aðild Íslands að ESB verður. - kóþ



**ATLI GÍSLASON** Sat í fyrsta sinn sem fulltrúi Íslands í Vestnorræna ráðinu á ársfundi ráðsins í Færeyjum 25. til 28. ágúst. Ákveðið var að halda sérstakan fund um fiskveiðistjórnunarkerfi landanna að ári.




## Skrifstofunám • 260 std.

Viðamikið og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsóttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

**Tölvugreinar:**
Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

**Viðskiptagreinar:**
Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

**Persónuleg færni:**
Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf , íslensk og ensk. Sölutækni og markaðsmál.

**Hefst 7. sept. Morgun og kvöldhópar**
**Lengd: 260 std. Verð kr. 199.000,-**

Microsoft Office Home and Student 2007 innifalið

## Tölvu og bókhaldsnám • 200 std.

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar. Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

**Hefst 7. sept. morgun og kvöldhópar**
**Verð kr. 159.000,-**

Microsoft Office Home and Student 2007 innifalið

## Stök námskeið

**Bókhald 1** Lengd 100 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 12. okt.

**Bókhald 2** Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-

**Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)**
Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,-

**Tollskýrslugerð** Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

## Vefur, grafík og myndvinnsla

**Grafísk hönnun**
Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign. (CS4)
**Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 3. sept.**

**Vefsíðugerð**
Photoshop og Dreamweaver.
**Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 7. sept**



**Stafrænar myndavélar og Picasa**
Þriggja kvölda námskeið : 2.-7. og 9. sept
Verð kr. 15.000,-

## Almenn tölvunámskeið

**Grunnnám-Byrjendur**
Námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri
**Lengd 42 std. Verð kr. 39.000,- Hefst 8. sept. morgun og kvöldhópar**

**Almennt tölvunám**
Windows – Word – Excel - Internet – Outlook
**Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 7. sept. morgun og kvöldhópar**

**ECDL tölvunám**
Windows – Word – Excel – PowerPoint – Internet og Outlook
**Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,- Hefst 7. sept.**
**morgun og kvöldhópar**

Afsláttur á Microsoft Office Home and Student 2007

| Stök forrit | St.fj | Hefst | Verð |
|---|---|---|---|
| Word | 21 | 9. sept | 27.000,- |
| Excel grunnur | 21 | 21. sep | 27.000,- |
| Excel frh | 14 | 14. sept | 27.000,- |
| Outlook | 10 | 30. sept | 15.000,- |
| PowerPoint | 10 | 5. okt | 15.000,- |
| One Note 2007 | 9 | 15. sept | 15.000,- |
| Photoshop | 21 | 7. sept | 27.000,- |
| Dreamweaver | 26 | 21. sept | 29.000,- |
| Illustrator | 31 | 24. sept | 44.000,- |

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner
Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • isoft@isoft.is • www.isoft.is



**MEDVEDEV EINNIG** Dmitri Medvedev Rússlandsforseti fetar nú í fótspor Vladimírs Pútín, forvera síns og lærifóður, og lætur taka myndir af sér við karlmannlega iðju í sumarfríinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

25 ár frá fjöldamorði í Perú:

## Fórnarlömbin loksins jörðuð

**PERÚ, AP** Fórnarlömb fjöldamorða sem framin voru í stríði skæruliðahreyfingarinnar Skínandi stígs og perúska hersins voru lögð til hinstu hvílu í gær.

Stríðið stóð yfir frá árinu 1980 til 2000 og fundust fórnarlömbin, sem voru myrt árið 1984, í fjöldagröf í bænum Putis á síðasta ári. Alls voru 92 kistur lagðar í jörðina eftir að ættingjar höfðu borið þær 48 kílómetra leið.

Athöfnin, sem fór fram í bænum Ayacucho í suðausturhluta landsins, tók tvo daga. „Ég missti fimmtán skyldmenni í fjöldamorðunum," sagði Berardo Fernandes, bæjarstjóri Putis. Hinir myrtu voru bændur sem grunaðir voru um að aðstoða uppreisnarmenn. Margar konur og börn voru á meðal hinna látnu.

- fb

# Heimspressan hefur sýnt hvalveiðunum lítinn áhuga

**Engin mótmæli hafa borist sjávarútvegs- eða utanríkisráðuneytinu eftir að hvalveiðar hófust. Lítill áhugi heimspressunnar. Áhugaleysið er rakið til efnahagsástandsins í heiminum. 164 dýr eru komin á land.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Áhyggjur stjórnvalda og hagsmunaaðila í útflutningi og ferðaþjónustu af áhrifum stórtækra hvalveiða hér við land í sumar virðast hafa verið óþarfar. Ráðuneytum hafa borist sárafá erindi og fjölmiðlar sýna hvalveiðum lítinn áhuga.

Sigurgeir Þorgeirsson, ráðuneytisstjóri sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, segir að í vor og vetur hafi hagsmunaaðilar komið á framfæri mótmælum við ráðuneytið. „Ég kannast hins vegar ekki við að neinar sérstakar kvartanir eða ábendingar hafi borist eftir að veiðarnar hófust. Það væri líka miklar ýkjur að segja að heimspressan hafi sýnt þessu áhuga. Við höfum ekki orðið varir við neinn slíkan hávaða."

Sigurgeir segir að á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins í vor hafi hvalveiðar Íslendinga aldrei borist í tal. „Á þetta var hvorki minnst formlega né í ræðustól, né var rætt um þetta við okkar fulltrúa þar. Íslensku hvalveiðarnar voru þar einfaldlega ekki á dagsskrá."

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinnur nú að athugun á efnahagslegum áhrifum hvalveiðanna. Hluti af þeirri vinnu er að hafa samband við hagsmunaaðila og fá skýra mynd af kostum og göllum við veiðarnar.

Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, telur að hvalveiðarnar veki litla athygli erlendra fjölmiðla vegna þess að málefni efnahagshrunsins einoki umræðuna. „En við höfum sagt að við eigum ekki að rugga bátnum með þessum veiðum, það sé ekki þess virði." Í áliti samtakanna til sjávarútvegsráðuneytisins í vetur segir að ef Íslendingar hefja stórfelldar veiðar á langreyði mun heimspressan mæta hingað og gera íslenskri ferðaþjónustu og útflutningi erfitt fyrir.

Benedikt Sveinsson, framkvæmdastjóri Iceland Seafood International, segir að óþægindin, sem almennt voru talin fyrirsjáanleg, hafi orðið lítil sem engin. „Þetta hefur ekkert truflað okkur."

svavar@frettabladid.is



**FRÁ HVALFIRÐI** Alls hafa 93 langreyðar verið unnar í Hvalfirði á vertíðinni. 71 hrefna er komin á land. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> En við höfum sagt að við eigum ekki að rugga bátnum með þessum veiðum, það sé ekki þess virði.
>
> **ERNA HAUKSDÓTTIR**
> SAMTÖKUM FERÐAÞJÓNUSTUNNAR

### RÖK NÁTTÚRUVERNDARSAMTAKA ÍSLANDS

- Ráðuneyti og útflutningsfyrirtæki hafa ávallt hafnað því að hvalveiðar hafi nokkur áhrif á hagsmuni Íslands.
- Bent hefur verið á að ferðamönnum frá Bretlandi hafi fækkað í ár. Hugsanlegt er að hvalveiðar hafi þar áhrif.
- Fullvíst er að sum ferðaþjónustufyrirtæki telja að hvalveiðar skaði hagsmuni þeirra.
- Engin umhverfisverndarsamtök, ekkert ríki eða ríkjasambönd hafa beitt sér að ráði gegn hvalveiðistefnu stjórnvalda þetta sumarið. Fyrir því eru aðallega tvær ástæður:
- Ekki er fyrir hendi neinn útflutningsmarkaður og því ekki ástæða til að ætla að hvalveiðar haldi lengi áfram.
- Ríki ESB og önnur ríki sem eru gagnrýnin á hvalveiðistefnu Íslands hafa forðast hvers kyns átök við Ísland á meðan atkvæðagreiðsla um aðildarumsókn og heimildarlög fyrir Icesave liggur fyrir Alþingi.
- Af þessu tvennu leiðir að fjölmiðlar hafa ekki haft mikil tilefni eða mörg til að fjalla um hvalveiðar hér við land.

**Árni Finnsson, formaður NSÍ**




Endurbætt Egilshöll

# Haustdagskrá Heilsuakademíunnar í Egilshöll

## Frábært hausttilboð í tækjasal. Árskort á aðeins 37.990 kr.

Tilboðið gildir til 7. október

### Tækjasalur
Egilshöll
Frábær tækjasalur og opnir tímar. Body Pump, Spinning, MRL o.fl. Einkaþjálfun í hæsta gæðaflokki.

### Herþjálfun
Egilshöll
Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

### Lífsstílsnámskeið
Egilshöll
Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

### Fit-Pilates
Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.
Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

### Karlapúl
Egilshöll
Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri. Frábær þjálfun í góðum félagsskap.

### TABATA
Nýtt!
Egilshöll
Er frábær leið til að auka þol og brenna fitu, átaksmiklir tímar þar sem hver æfir eftir sinni getu.

### TRX
Nýtt!
Egilshöll
TRX er frábær þjálfun í ströppum þar sem þú nýtir líkamsþyngd þína í stað lóða. Byggir upp jafnvægis- og djúpvöðvakerfi líkamans.

### Pole Fitness
Egilshöll
Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktar-kerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

### Rope Yoga
Egilshöll
Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar hug, líkama og sál.

### Jump Fit
Egilshöll
Æfingakerfi með sippu-böndum. Þjálfar alla vöðva líkamans og því ein öflug-asta þolþjálfun sem völ er á.

### Breakdans
Egilshöll 7-15 ára
Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. „The Basic Break moves."

### Eitt Líf
Egilshöll 9-13 ára
Skemmtileg og uppbyggileg námskeið fyrir börn yfir kjörþyngd.

### Tarzan fyrir börnin
Egilshöll 5-10 ára
Tími fyrir börnin á hinum eina sanna Tarzanvelli þar sem krakkar geta hangið, klifrað og hoppað undir leiðsögn þjálfara.

### Dansskóli Birnu Björns
Egilshöll
6-15 ára
Freestyle, Jazzballet, Grease, Hip Hop og söngleikjadans fyrir börn og unglinga.

### Sundskóli
Lágafellslaug / Mosfellsbæ 2-5 ára
Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.

### Afþreying
Hópefli, gæsanir/steggjanir, barnaafmæli í Tarzan sal, og fyrirtækjaskemmtanir. Auk þess verða ýmsar uppákomur í vetur s.s. göngu- og hlaupahópar.

## sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal, opna tíma, einkaþjálfun og landsins mesta úrval námskeiða. **Auk þess sem við kynnum endurbætta Egilshöll!**
**Næstu námskeið hefjast 7. september.**



Næstu námskeið hefjast 7. sept




Heilsuakademían er aðili að Frístundakorti ÍTR

heilsuakademían
*Hreyfing, heilbrigði, skemmtun*
*www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Í stjórnmálum segirðu það sem fólk vill heyra.

## Heimabrúk

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON

Það er rétt hjá Steingrími J. Sigfússyni að orð Bjarna Benediktssonar um að ríkisstjórnin verði að segja af sér, fallist Bretar og Hollendingar ekki á fyrirvara Alþingis við Icesave-samningana, eru til heimabrúks í Valhöll. Þau þjónuðu ekki öðrum tilgangi en að vekja almennum sjálfstæðismönnum þá von í brjósti að ríkisstjórnin kynni að hrökklast frá á næstu vikum og að þeirra menn settust að völdum á ný.

En hvað má segja um upphaf ræðu Steingríms sjálfs á flokksráðsfundi VG á Hvolsvelli á föstudag? Auðvitað var það ekki til annars en heimabrúks að segja enn og aftur að VG sé að hreinsa upp eftir tveggja áratuga óstjórn Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum. Sá frasi virðist ætla að endast Steingrími lengi.

Ríkisstjórn Samfylkingarinnar og VG vonaðist eftir breiðri samstöðu í þinginu um Icesave-málið. Þegar til kastanna kom var málið samþykkt með atkvæðum stjórnarþingmanna einna. Hjáseta flestra þingmanna Sjálfstæðisflokksins var til heimabrúks. Það harma stjórnarliðar.

Í október var kallað eftir breiðri þingsamstöðu um neyðarlögin. Þá sátu þingmenn VG hjá. Hvers vegna skyldi það nú hafa verið?

Ræða Steingríms á Hvolsvelli var annars um margt ágæt. Hann benti á að fullt af fólki væri aflögufært og gæti aðstoðað aðra í kringum sig. Þegar kallað er eftir aðgerðum stjórnvalda til að mæta fjárhagserfiðleikum almennings er nauðsynlegt að hafa þetta í huga. Jafn nauðsynlegt er að stjórnvöld ígrundi öll úrræði vel. Sjálfsagt er að reyna að koma til móts við þá sem eiga í miklum vanda eftir efnahagshrunið og kölluðu hann ekki yfir sig með óvarlegum lántökum. Á hinn bóginn er ekki jafn sjálfsagt að fólk sem skuldsetti sig úr hófi fram njóti opinberrar fyrirgreiðslu til að geta haldið í hús og bíla. Það gengur ekki að menn skýli sér á bak við hrunið ef vandræðin koma því ekki við.

Fallega 132,2 fm nýlega 4ra herb íbúð á 1.hæð með sérinngangi og 30 fm suður sólpalli. **36,9 m**

### Ferjubakki - 109 RVK



Bjarta 105,1 fm 4ra herb. íbúð á 2. hæð í góðum stað í neðra Breiðholti. *** Skipti á minni 2-3ja herb íbúð miðsvæðið. *** óskað er eftir tilboðum **** **Tilboð**

### Engjasel - 109 Rvk.



110,7 fm 3ja herbergja íbúð á 4. hæð þa. 30 fm bílskýli.Fallegt útsýni. Stutt í skóla, leikskóla og alla þjónustu. **Tilboð**

### Torfufell - 111 Rvk.



Góða 3ja herbergja 78,9 fm íbúð á 2.hæð í fjölbýli í Breiðholtinu.***Möguleg skipti á ódýrari*** **17,5 m**

### Kristnibraut - 113 Rvk.



Góð og vel staðsett 3ja herbergja 116,4 fm íbúð í Grafarholti á 1.hæð með útgengi út í garð. **27,9 m**

### Vallarás - 110 Rvk.



Björt og snyrtileg 43,1 fm 2ja herb íbúð á 2. hæð. í góðu fjölbýli . Fallegt útsýni. **12,4 m**

### Rauðarárstígur -105 Rvk.



Góða og vel staðsetta 3ja herbergja 63,3 fm íbúð á 3.hæð með sér herbergi í risi. **Tilboð**

### Víðimelur -107 RVK



Tvær 2ja herb íbúðir alls 105 fm. Önnur íbúðin er á jarðhæð og er 60 fm og hin 45 fm og er í bílskúrnum **Tilboð**

## Óskum eftir.....

- 3ja herb íbúð í Kópavogi í lyftublokk
- 2ja og 3ja herb íbúðum miðsvæðis

**HÚSIN Í BORGINNI • Klapparstíg 5 • 101 Reykjavík • Sími 511 5005 • www.husin.is**

**EIGNAMIÐLUN Mosfellsbæ**



Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali

10 ár í Mosfellsbæ

Sími: 586 8080 · Kjarna · Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · www.fastmos.is

## Hörðukór 1 - 3ja herbergja m/útsýni






Einstaklega vönduð 3ja herbergja 97,7 fm íbúð á 9. hæð við Hörðukór 1 í Kópavogi með glæsilegu útsýni. Stæði í bílakjallara fylgir. Frágangur í íbúðinni er sérstaklega góður, innréttingar eru úr kirsuberjavið. Svalirnar eru yfirbyggðar og nýtast þær vel sem sólstofa. **Eignin er laus til afhendingar! V 28,9 m.** 4616

**OPIÐ HÚS Í DAG MÁNUDAG FRÁ KL. 17:30 TIL 18:00**
**Í HÖRÐUKÓR 1, ÍBÚÐ 903(Svanþór 698-8555)**

## Hrafnshöfði - Einbýli





Mjög fallegt 154 m2 einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr innst í botnlanga við Hrafnshöfða í Mosfellsbæ. Fallegar innréttingar og vönduð gólfefni. Bílaplan er hellulagt og garður gróinn með góðri timburverönd með heitum potti. **V 45,8 m.** 4679

## Langitangi - Einbýli





Fallegt 171 fm einbýlishús með sambygg. bílskúr. Flott eldhús, hvítt háglans, með steingráum flísum og granítborðplötu. Vönduð tæki, stáliltaður blástursofn, keramik helluborð, uppþvottavél og ísskápur/frystiskápur. Baðherbergi nýlega endurnýjað, fjögur svefnherb, stór stofa og borðstofa með arni og timburverönd og skjólgóður garður. **Skipti möguleg! Laust til afhendingar strax! V. 44,9 m.** 3454

## Dalbrekka - Varmadal





Mjög vel staðsett og vandað heilsárshús í aðeins í 20 mín. fjarlægð frá Reykjavík. Húsið var allt endurbyggt fyrir um 10 árum. Mjög fallegt útsýni er út Sundin, Mosfellsbæinn og víðar. Rétt fyrir neðan húsið rennur Leirvogsáin. Húsið skiptist í forstofu, setustofu, dagstofu, eldhús, þrjú herbergi og baðherbergi.
**Óskað er eftir kauptilboði í eignina.** 4633



**Lindarbyggð - Parhús**
Vel skipulagt 177,1 m2 parhús með bílskýli við Lindarbyggð í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, borðstofu, stóra stofu m/sólstofu, eldhús, þvottahús, sjónvarpshol, 3 barnaherbergi, hjónaherbergi og baðherbergi með kari. Búið er að loka bílskýli og innrétta herbergi. **V. 37,9 m.** 4627



**Laxatunga - Raðhús**
Nýtt í sölu 182,1 m2 raðhús á tveimur hæðum með bílskúr. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/kari og sturtu, gestasalerni, stofa, eldhús, sér þvottahús og geymsla. Húsin verða afhent fullbúin, án innréttinga, gólfefna og innihurða, en rafmagn er fullfrágengið, gólf á forstofu, gestalerni og baðherbergi eru flísalögð og gestasalerni er fullfrágengið með innréttingu. Falleg hús á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. Áhv. eru ca. 20 millj. kr. ÍLS lán. Skipti á minni eign skoðuð! **Verð kr. 35,5 m.**



**Súluhöfði 25 - Sérhæð m/aukaíbúð**
Falleg 197,4 fm efri sérhæð með innbyggðum bílskúr og 62,7 fm auka íbúð í kjallara í tvíbýlishúsi við Súluhöfða 25 í Mosfellsbæ. Hæðin skiptist í forstofu, hol, fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu, borðstofu og 37,5 fm bílskúr. Íbúðin á neðri hæð skiptist í opið rými með eldhúsi og rúmgóðri stofu, forstofu, baðherbergi, svefnherbergi og geymslu. **Lækkað verð!**
**V. 48,9 m.** 4506



**Bjartahlíð - 4ra herbergja**
Rúmgóð og vel skipulögð 127,5 fm, 4ra herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýli við Bjartuhlíð 11 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofuhol, borðstofu, stofu, sólstofu, eldhús m/borðkrók, 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari og sturtuklefa og geymslu/þvottahús.
**V. 25,9 m.** 4609

## Reykjavík



**Kríuhólar - 2ja herbergja**
63,6 fm 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í 8 hæða lyftuhúsi við Kríuhóla 2 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í hol, baðherbergi m/sturtu, hjónaherbergi, eldhús og stofu. Svalir eru yfirbyggðar, en kaldar. Eignin er laus til afhendingar! **V. 13,7 m.** 4631

## Norðurskógar 4 - Húsafelli

**Vegna sérstakra aðstæðna höfum við fengið fallega sumarhúsalóð til sölu við Norðurskóga 4 í Húsafelli í Borgarfirði. Lóðin er í útjaðri svæðisins með skógargróðri, vegur liggur að landinu og þar er komið heitt og kalt vatn. V. 950 þús.** 4675

---

**FASTEIGNASALAN GIMLI GIMLI**

**570 4800**

**Grensásvegi 13**
Árni Stefánsson, viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali.



**GRÝTUBAKKI**
100 fm 4ra herb. íbúð á 3. hæð í góðu fjölbýli. Þrjú rúmgóð herbergi, stofa og borðstofa. Suðvestursvalir. Góð sameign. Lóð er falleg og með leiktækju. ÍBÚÐIN ER LAUS. **Verð 15,9 millj.** LYKLAR Á GIMLI.



**VALLARHÚS EFRI HÆÐ OG RIS**
Vorum að fá í sölu góða 120 fm efri hæð og ris með sérinngangi í þessu fallega húsi í Grafarvoginum. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, stofa og borðstofa. Eignin er laus nú þegar. LYKLAR Á GIMLI.



**MELABRAUT SELTJARNARNESI**
Glæsilegar 4ra herb. íbúðir í fjórbýli á þessum eftirsótta stað á Seltjarnarnesinu. 114 fm íbúðir á jarðhæð auk verandar og sérgaðs og 119 fm íbúðir á efri hæð auk 18 fm svala og 27fm bílskúrs. Íbúðir verða afh. tilbúnar til innréttinga. Hús og sameign fullkláruð. **Verð frá 38 millj.**



**EYJABAKKI FALLEG ÍBÚÐ**
Vorum að fá í einkasölu fallega 84 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð í fallegu fjölbýli. Nýl. innréttingar. Tvö rúmgóð herbergi og stór og björt stofa. Þvottahús innan íbúðar. **Verð 19,5 millj.**



**HLÍÐARVEGUR MEÐ BÍLSKÚR**
Falleg og björt 66 fm 3ja herb. íbúð á 2. hæð í fallegu fjórbýli auk 22 fm bílskúrs (samtals 88fm). Tvö rúmgóð herbergi. Fallegar innréttingar. Parket og flísar á gólfum. Bílskúr fullbúin. Glæsilegt útsý Áhv. 21,2 millj. **Verð 21,9 millj.**



**NÝBÝLAVEGUR MEÐ BÍLSKÚR**
Vorum að fá í einkasölu góða 2ja herb.53 fm íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýli auk 28 fm bílskúrs, samtals 81 fm. Parket og flísar á gólfum. Eignin getur losnað. **Verð 17,5 millj.**

**Traust þjónusta í yfir 30 ár**

---

**BERG FASTEIGNASALA**



***Daniel G. Björnsson***
Lögg. leigumiðlari

***Pétur Pétursson***
lögg. fasteignasali





**Furugrund**
Falleg íbúð á 2.hæð á þessum vinsæla stað í Fossvoginum. Baðherbergi flísalagt í hólf og gólf. Svalir. Rólegt og fallegt hverfi. V. 15,7 5729



**Hraunbær.**
Falleg 86 fm. 3ja. herb. íbúð við Hraunbæ. Gott skipulag og góðar innréttingar. Áhvílandi 15 m. Íbúðalánsjóður. Laus 1. júní nk.Hagstætt verð. 8190



**Holtagerði.**
Mjög flott og mikið endurnýjuð 133 fm. efri sérhæð ásamt bílskúr í góðu tvíbýlishúsi við Holtagerði í Kópavogi.Hagstætt áhv. lán. V. 28,9 m. 8162



**Nóatún.**
Mjög flott 62.3 fm íbúð á 3. hæð auk ca. 15 fm. rislofts við Nóatún. Glæsilegt útsýni.Mjög snyrtileg íbúð með góða staðsetningu. Laus fljótlega. 8216



**Ástún, Kópavogi.**
Falleg og mikið endurnýjuð 2ja. herb. íbúð á 2. hæð í góðu fjölbýli Fossvogsmegin í Kópavogi. V. 14,5 m. 8191



**Ekrusmári.**
138 fm. raðhús á frbærum stað við Ekrusmára í Kópavogi. björt stofa með sólskála . 2 herbergi og vandaður bílskúr. Fallegur garður og sólpallur. 8221



**Austurbrún.**
Vel staðsett 48 fm. stúdíóíbúð á 4. hæð sem auðvelt er að breyta í 2ja. herb. við Austurbrún. Gott skipulag. Íbúðin er laus strax. V. 12,9 8225



**Dynsalir.**
Mjög falleg 110,6 fm. íbúð á 2. hæð í glæsilegu fjölbýli við Dynsali í Kópavogi.Vandaðar innréttingar og gott skipulag. V. 24,5 8199

## MOSFELLSBÆR



**Lágholt.**
Fallegt og vel skipulagt 200 fm. einbýli við Lágholt. 4 svefnherbergi. Stór stofa sem er með arni og útgengi í fallegan garð. Rúmgott eldhús. Útgengt úr herbergi á stóran sólpall. V. 44,8 8210



**Tröllateigur.**
Glæsileg 4. herb. 101 fm. íbúð á 2. hæð í vönduðu litlu fjölbýli við Tröllateig í Mosfellsbæ.. Sér inngangur. Björt stofa. Vandaðar innréttingar. Flott umhverfi í rólegu hverfi. Skipti á stærri eign í Mosó, helst í Holtunum. 8226



**Leirutangi.**
Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi.Laus fljótlega. Hagstætt verð. 7894



**Súluhöfði-Mosfellbæ.**
Mjög vandað og vel byggt 167 fm. parhús í enda lokaðrar götu í Mosfellsbæ. 4 góð svefnherbergi. Upptekin loft. Stór lóð. Þetta er flott eign á frábærum stað.Til greina koma skipti á minni eign í Mosfellsbæ. 8196

**Mikil eftirspurn eftir leiguíbúðum.**
**Vantar allar gerðir eigna á skrá.**

**Berg fasteignasala, Bolholt 4 • Sími: 588 5530 • Netfang: berg@berg.is**

# Skútuvogur 3 - Til Sölu eða Leigu

## Laust til afhendingar.




3.753 fm lager og skrifstofuhúsnæði við Skútuvog í Reykjavík. Húsið er vel innréttað með vönduðuðm skrifstofum, lager og stórum frystiklefa. Það er byggt í tveimur hlutum, 1992 og 2000. Húsið er að hluta álklætt með áleiningum og bárujárni.

- 6 innkeyrsluhurðir
- Lóðin er 6.710 m2 með góðri aðkomu
- 1050 fermetra frystigeymsla er í húsinu með tveimur innkeyrslu hurðum.
- Lofthæð í lager er mikil.
- Góð fundarherbergi í skrifstofu-einingu.
- Eignaskipti möguleg.

**Nánari upplýsingar veita:**

STÓRBORG fasteignasala

Stefán Hrafn Stefánsson hdl. löggiltur fasteignasali

**Sími 534 8300**

Stóreign.is

s :: 590_7600

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

**Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

**Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

**Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

**Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

**Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

**Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

**Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

**Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!




**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF

RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

● **ELDHÚSIÐ** er oft það síðasta á lista þegar gera á upp heimili. Í stað þess að rífa úr innréttinguna geta einfaldir og ódýrir hlutir gert kraftaverk fyrir þitt eldhús. Einfalt er að skipta um húna á skápum og skúffum. Þá er upplagt að henda gömlu ljósakrónunni og velja eitthvað pínulítið djarft til að vera djásn herbergisins. Settu blóm í pott út í glugga til að lengja sumarið. Þá er ótrúlegt hvað það að mála loftið skjannahvítt að nýju getur endurnýjað herbergið sem við eyðum svo miklum tíma í. Passið bara að þrífa loftið vel áður en hafist er handa. *- kbs*



# Málaðar flísar eins og nýjar

Flísar má mála í hvaða lit sem er og því er ekki alltaf þörf á að rífa þær gömlu ef löngunin til að breyta til gerir vart við sig.

Samkvæmt ráðleggingum á vef Húsasmiðjunnar er byrjað á því að hreinsa af flísunum alla fitu og í sumum tilfellum sveppi en til þess þarf sterkt hreinsiefni. Að því loknu er borinn flísagrunnur á flísarnar með gervihárapensli eða -rúllu. Ráðlegt er að mála alltaf í sömu áttina. Ef málning er fyrir á flísunum skal skafa hana af svo grunnurinn bólgni ekki upp. Mikilvægt er að láta grunninn þorna og strjúka svo yfir penslaför og misfellur með fínum sandpappír.

Að því loknu er strokið af flísunum með rykfrírri tusku vættri í terpentínu. Þegar seinni umferðin af grunninum hefur þornað þarf að strjúka aftur yfir með enn fínni sandpappír. Síðan er allt ryk þurrkað af veggnum. Þá er sjálft lakkið borið á með náttúrulegum penslahárum og skal alltaf mála í sömu áttina. Að lokum er pússað enn og aftur og lökkuð önnur umferð með lakkinu. *- ve*



**Flísar verða sem nýjar.**



**Vel heppnað anddyri heldur heimilisfólki glöðu og heillar gesti þína.**

## Verið velkomin

Fjölförnustu vegir heimilisins, gangar og anddyri, mega ekki verða út undan. Einfalt er að lífga upp á anddyrið með því að setja upp spegil, klukku eða fallegan áfastan kertastjaka. Falleg mynd af heimilismeðlimum er kannski klisja, en hún gerir anddyrið heimilislegt. Birtumikið loftljós getur stækkað rýmið til muna og hjálpað þér að fara hress út í daginn. Varast skal að mála í dökkum litum ef svæðið er þröngt. Mikilvægt er að drasl safnist ekki saman hér og getur því verið gott að huga að hirslum. *- kbs*



**Þegar litir eru valdir á veggina þarf að átta sig á flæði ljóss um íbúðina.**

## Hinn rétti tónn

Árstíðirnar breyta birtuskilyrðum okkar Íslendinga verulega og að því ber að huga þegar heimilið er málað. Opin rými eru algeng í nútímalegum húsum og lítið er um milliveggi, því þarf að gæta enn betur að því hvernig birtan berst um plássið en í hinu einfalda lokaða skipulagi sem áður tíðkaðist. Litir bera birtu misjafnlega vel og dökkir litir gleypa ljós en stórt hvítt rými getur líka orðið kuldalegt og óaðlaðandi þegar birtan er skörp.

Því er nauðsynlegt að gera prufur á veggina þegar á að fara að mála og skoða litina í ýmsu ljósi til að fá þann blæ sem best hentar. *- gun*


BYLGJAN
Í FYRSTA SÆTI




BYLGJAN ÞAKKAR HLUSTENDUM SAMFYLGDINA Á HVERJUM DEGI

Hlustendur Bylgjunnar eru í eftirsóttasta markhópnum og stærsta neysluhópnum. Bylgjan ber af og tryggir að skilaboð auglýsenda komist áleiðis til mikilvægasta markhópsins.

Samkvæmt mælingum Capacent á hlustun í mínútum í aldurshópnum 18 – 49 ára, vika 33, 2009.

LÉTT BYLGJAN 967 GULL BYLGJAN 909

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

LR Henning kúrinn. Aldrei betri. Súkkulaðistöng er ein máltíð. S. 662 5599.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.rkb.heilsuskyrsla.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Heilnudd**
Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál
www.hairandbodyart.net
Sími 551 2042 / 694 1275

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**NUDD - HEILSULIND TILBOÐ KR. 3.500.-**
Heilsunudd 45 mín. Kr. 3.500.-slökunarnudd,svæðanudd, Ayur Veda, hunangsnudd, heitsteina- og jurtanudd, sogskálanudd, allskyns snyrting og fleira. Ekkert sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18. Pantanir í S. 445 5000.

**Tantric Massage of Sacred touch**
For men, women and couples. Tel 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SCHOOL OF ICELANDIC**

**ANGIELSKI dla Polokaw Icelandic Enska fyrir börn**

Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30, start 31/8Level I: 4 w Md to Fr; 18-19:30, st 31/8Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8. Level II: 4w Md to Frd 13-14:30 st. 31/8.Level III: 4w Md to Frd 15-16:30 st. 31/8Level II: 7w Md,Wd, Frd 19:45-21:15 st. 31/8Level III: 7 weeks 19:45-21:15 st: 31/8.Level IV: 10w. Sat/Sun 14:-15:30; st 29/8. ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr;18-19:30, Level II: 4 w;19:45-21:15.start 31/8, 28/9: ENSKA f. BÖRN: start 31/8, 26/10; 8 vikur; kl 16:30-17:30; 5-8 ára; Md/Mið; 9-12 ára: Þri/fim og föstd: framhstig: 1 x viku. Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice



LEIRKRÚSIN Ný og spennandi námskeið í leirmótun www.leir.is S:555 1809 /661 2179.

## Kennsla

**The Academy of Colour and Style**

**Viltu verða stílisti?**
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í bæði fatastíl & litgreiningu og innanhússtílistanámi. Nánari upplýsingar í síma 533-5101.



**Tónskóli Guðmundar**
Innritun í nám á píanó, gítar, harmonikku og þverflautu. Kennsla hefst 7. sept. Tónskóli Guðmundar S: 822 0715 & 567 8150 Hagaseli 15, 109 Rvk.

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**English Springer Spaniel**
Frábærir veiði og fjölskylduhundar. Aðeins þrír eftir. Gunnar í síma 660 1050.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Þarftu að leigja?**
Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is
Rentus leigumiðlun

**LMH.IS**
Leigumiðlun Hafnarfjarðar
517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herb. til leigu frá 1 sept, svæði 109. Salerni, síma-og sjónv. tengill. 25 þús. S. 898 2722.

**101 Rvk.**
Til leigu 2 herb. Íbúð í kjallara, sérinngangur, laus strax. Leiga 75þús á mán. Aðeins skilvísir og reglusamir koma til greina. Uppl. í s 565 6123

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Glæsileg 3ja herb. 125 fm íbúð til leigu í hjarta miðbæjarins. Leigist á 125 þús. á mán. auk hússjóðs. Uppl. í 893-5517

2 herb. íbúð m/sérinngang í einbýlishúsi í Garðabæ til leigu. Amma eða einstætt foreldri óskast sem aðstoð við 9 ára dreng gegn lægri leigu. Uppl. í s. 897 7922 & 772 6262.

Herbergi við Skólavörðustíg kr 40.000. til 50.000. þvottavél sameiginlegt eldhús WC með sturtu langtímaleiga 2 mánuðir fyrirfram 861 4142 kl 10.00 til 17.00 en ekki á öðrum tímum

TIL LEIGU 120m2 NÝL ÍBÚÐ Í 220 HAFNARFIRÐI 3 SVEFNHERB BÍLSKÝLI V 140Þ MAN S 892 7858.

2ja herb. 70 fm íbúð til leigu í Fensölum Kóp. Reglusemi skilyrði. Uppl. í síma 894-9644.

## Húsnæði óskast

Hæ, ég er einstæð móðir með barn og rólegan hund og mig sárvantar íbúð. Skilvísum greiðslum heitið. S. 982 9885

## Sumarbústaðir

Til sölu sumarbústaðarlóð í Borgarfirði, einnig 10 fm gestahús og bátur með 4 h. utanborðsmótor. Uppl. í s: 898-3215.

## Atvinnuhúsnæði

Snyrtilegt 320 fm iðnaðarhúsnæði til leigu á Smiðjuvegi. Nánari uppl. í síma 8960551

Til leigu atvinnhúsnæði á góðum stað í Hafnarfirði. 100 til 180 ferm. S. 8224200

Skrifstofu- og/eða lagerhúsnæði til leigu í Ármúla, leiga.armuli@gmail.com 6943113

Til leigu. Fákafen 140 fm. skrifstofuhúsnæði. Tunguháls 204 og 327 fm iðnaðrhúsnæði , lofthæð 4,70. Við sund. 20 og 45 fm vinnustofur á 2. hæð leiguval.is simi 553 9820 og 894 1022.

## Geymsluhúsnæði

FELLIHÝSI-HJÓLHÝSI-TJALDVAGNAR TÖKUM TIL GEYMSLU FELLIHÝSI, HJÓLHÝSI, TJALDVAGNA OG HÚSBÍLA. ENGIN STÆRÐARTAKMÖRK. LEIGUTÍMI SEPTEMBER TIL 15. MAÍ UPPHITAÐ FYRSTA FLOKKS HÚSNÆÐI Í HJARTA REYKJAVÍKUR. UPPLÝSINGAR Í SÍMUM 544 5466, 893 1162 og 660 4560.

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
Upphitað og nýstandsett hús á Eyrarbakka. Hreint, þurrt og lyktarlaust. Sömu verð og í fyrra. 10% stgr.afsl. S. 564-6500.

**Geymsla á farartækjum**
Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, fellihýsi, hjólhýsi, tjaldvagna, báta ofl. Upphitað húsnæði með sólahrings vakt. Sanngjarnt leiguverð. Leigutímabil frá sept-11. maí. Uppl. í s. 899 0274, Gylfi, eða á www.husbilageymslan.net

Upphitað geymsluhúsnæði í Kópavogi. Eigum nokkur pláss laus fyrir mótorhjól til geymslu í vetur. Uppl í s 821 3733

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. báta ofl. í Borgarfirði. Gott verð. Áralöng reynsla. S. 663 2130 eða á magnus1220@hotmail.com

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

Bjartur og hreinn bílskur með sér hiti og rafmagn á Bollagötu, 105 R. til leigu hentar vel sem gemsla eða vinnuaðstaða. Kr. 20þ/mán. Áhugasami hafi samband kthuy@btinternet.com og 8637930

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN FRÁBÆRT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Verð 950 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Hrói Höttur**
**Hringbraut 119. Óskar eftir starfsfólki Um er að ræða bæði dag, kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar á staðnum laugardag 28/8 og sunnudag29/8 milli kl. 13.30-17.00.**

SECURITY ÖRYGGISFÉLAGIÐ

**Öryggisfélagið**
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum.Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir á staðnum. www.115.is

TAL

Tal leitar að sölumönnum á aldrinum 20-35 ára. Vinnutími frá kl 17-22 þrjú til fjögur kvöld í viku. Mjög góð laun í boði Áhugasamir sendi mail á Hannes@tal.is

HÁRRÉTT Hárstofa rakarastofa

Vandaður & traustur hársnyrtir óskast. Uppl. s. 868 7217, Linda Hárrétt Núpalind

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og aðstoð í eldhús frá kl. 10-14.**
**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810**

MODUS hárstofa

Óskum eftir fólki í stólaleigu, einnig óskum við eftir nema. Áhugasamir hafi samband í síma 8661172 eða 8983555

**Glaumbar**
Óskum eftir hressu fólki í dyravörslu um helgar. Þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir með mynd sendist á glaumbar@glaumbar.is.

**Öflugur markaðsmaður óskast.**
Lítið framleiðslu fyrirtæki í járniðnaði óskar tímabundið eftir öflugum sölumanni til að markaðsetja og selja framleiðsluvörur sínar innanlands og erlendis. Þarf að hafa góða tölvukunnáttu, og tala og skrifa dönsku, ensku og ísl. Getur hentað sem hlutastarf eða sem aukavinna. Umsóknir sendist á thjonusta@365.is merkt „sölumaður"

Hótel á Suðurlandi óskar eftir fólki í vinnu. Tilvalið fyrir hjón. Fæði og húsnæði í boði. Upplýsingar í síma 863 7244, Eva

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir að ráða þjóna í kvöld og helgarvinnu. Umsóknir sendist á hornid@hornid.is eða á staðnum Hafnarstræti 15

Óskum eftir traustu og samviskusömu starfsfólki 18 ára eða eldri til starfa á þjónustustöðvar okkar. Uppl. frida@olis.is

## Atvinna óskast

**2. stigs vélstjóri**
**með góða reynslu af kæli og frysti kerfum óskar eftir plássi uppl. 822-5639 eða 891-9512**

## Viðskiptatækifæri

Miklir tekjumöguleikar. Kíktu á www.vidskipti.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur**
**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Atvinna

**Atvinna í boði**
**Óskum eftir fólki í vinnu á kvöldin**

Um er að ræða úthringistarf fyrir tryggingamiðlun. Vinnutímar eru sunnudaga-fimmtudaga frá 18-21:30
Góð laun í boði, föst laun og bónusar.
Góð íslensku kunnátta skilyrði.
**Hafið samband við kristjan@tryggir.is eða í síma 825 0057**

ÁLFTANESSKÓLI

**Grunnskólakennarar**
**Óskum að ráða kennara í náttúrufræðikennslu í 5.–10. bekk, 100% starf (tímabundin ráðning vegna forfalla)**

Upplýsingar um starfið gefa Sveinbjörn Markús Njálsson skólastjóri, í símum 5404700 og 8215007, netfang: sveinbjorn.njalsson@alftanesskoli.is og Erna I. Pálsdóttir aðstoðarskólastjóri í símum 5404700 og 8215009 netfang: erna.palsdottir@alftanesskoli.is

Umsóknir sendist skólastjóra eða aðstoðarskólastóra á netfang þeirra eða í pósti til skólastjóra Álftanesskóla, 225 Álftanesi.

Skólastjóri

TAL
Getraunaleikur Tals og Vísis
Drögum vikulega út veglega vinninga
Taktu þátt á Vísir.is
PEPSI DEILDIN vísir.is

**VAN MORRISON ER 64 ÁRA Í DAG.**

*„Það er ekki hægt að vera alltaf eins. Tónlistarmenn og söngvarar verða að breytast. Þannig virkar það bara.“*

***Van Morrison er söngvari sem hóf tónlistarferil sinn sem unglingur seint á sjötta áratugnum. Hann spilaði þá á ýmis hljóðfæri þar til hann varð aðalsöngvari hljómsveitarinnar Them um miðjan sjöunda áratuginn.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. ÁGÚST 2006

## *Málverkið Ópið endurheimt*



Fyrir þremur árum var málverkið Ópið eftir norska málarann Edvard Munch endurheimt eftir um tveggja ára hvarf. Verkinu var stolið 22. ágúst 2004 í dagsbirtu. Þá fóru grímuklæddir og vopnaðir menn inn í Munch-safnið í Ósló og rændu tveimur verkum, fyrrnefndu Ópi og málverkinu Madonna. Vegfarandi myndaði atvikið.

Norska lögreglan handtók mann grunaðan um athæfið 8. apríl 2005. Gekk orðrómur um að búið væri að brenna verkin. 1. júní 2005, með fjóra menn í haldi, bauð borgarstjórn Óslóar tvær milljónir norskra króna fyrir vísbendingar um hvar verkin væru niðurkomin.

Í byrjun árs 2006 voru sex menn ákærðir fyrir að hafa lagt á ráðin um þjófnaðinn eða framkvæmt hann. Þrír menn voru sakfelldir. Munch-safnið var lokað í tíu mánuði á meðan öryggiskerfi þess var yfirfarið.

Fyrir þremur árum tilkynnti norska lögreglan um fund Ópsins og Madonnu. Lögreglan gaf hins vegar ekki nákvæmar upplýsingar um fundinn en málverkin voru sögð í betra ástandi en búist hefði verið við.

## MERKISATBURÐIR

**1805** Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöundá deyr í tukthúsinu í Reykjavík, 36 ára gömul.

**1919** Fyrsta almenna listasýningin hér á landi er opnuð í Barnaskólanum í Reykjavík.

**1919** Jóhann Sigurjónsson, skáld og rithöfundur, deyr 39 ára.

**1955** Borgarísjakar sjást á óvenjulegum slóðum, um 100 sjómílur suðvestur af Reykjanesi.

**1980** Silfursjóður, að öllum líkindum frá landnámsöld, finnst við Miðhús á Fljótsdalshéraði. Fjórtán árum síðar er mikið deilt um aldur silfursins.

**1922** Skemmtiferðaskipið Crystal Harmony leggst að bryggju í Sundahöfn.

BÓKAÚTGÁFAN TINDUR: TUTTUGU ÁRA

# Gefur út bækur á tímamótum

„Næstum því allt, má segja,“ segir Helgi Jónsson, stofnandi bókaútgáfunnar Tinds, inntur eftir breytingum á þeim tuttugu árum sem liðin eru frá stofnun útgáfunnar. Bókaútgáfan Tindur gaf út sína fyrstu bók haustið 1989 og segir Helgi fjölda útgefinna bóka hafa aukist mikið frá fyrstu árum hennar. „Það sem hefur þó mest breyst er að bókabúðum hefur fækkað gríðarlega. Um hundrað sjálfstæðar bókabúðir voru allt í kringum landið þegar ég byrjaði en núna eru þetta Penninn og nokkrir stórmarkaðir sem selja bækur fyrir jólin.“

Helgi segist ætla að gefa út bækur í tilefni af afmælinu. „Við ætlum að gefa út eina bók núna sem er alveg sérstaklega fyrir afmælið. Það er bók um mesta flugslys Íslandssögunnar og heitir Harmleikur í Héðinsfirði,“ upplýsir Helgi og bætir við að afmælið hefði orðið glæsilegra án kreppu. „Ég ætla líka að gefa út bók því ég er búinn að vera að skrifa megnið af ævinni. Það er spennusaga sem heitir Nektarmyndin.“

Aðspurður segist Helgi hafa ráðist í að setja á stofn bókaútgáfu vegna þess að hann hafi viljað vera sjálfs síns herra. „Ég gat ekki hugsað mér að fara á hnjánum á milli bókaútgefenda þannig að ég ákvað að gefa út sjálfur,“ útskýrir Helgi, sem var kennari ásamt því að reka Tind á tímabili. „Núna er þetta fullt starf að skrifa sjálfur, sinna bókum og gefa út. Ég sé um allt frá A til Ö.“

Í upphafi var áherslan á barna- og unglingabækur að sögn Helga. „Núna erum við farnir að gefa út fleiri tegundir af bókum. Við höfum gefið út skáldsögur og ævisögur. Svo er fastur póstur Íslensk knattspyrna eftir Víði Sigurðsson sem er árbók.“

Fyrsta bókin sem kom út hjá Tindi var Skotin eftir Helga. „Það var unglingabók sem fjallaði um dreng sem verður fyrir einelti í skóla,“ segir Helgi. „Svo datt mér í hug árið 1997 að gefa út seríu því mér leiddist svo að í skólakerfinu var ekki til neitt efni fyrir krakka sem vildu ekki lesa bækur. Ég datt ofan á hugmynd sem heitir Gæsahúð og fjórtánda bókin er að koma núna.“

Helgi telur Gæsahúð vinsælustu bækurnar hjá útgáfunni í gegnum árin en hvað hefur staðið upp úr hjá hinni tuttugu ára útgáfu? „Mér dettur nú bara eitt í hug. Þegar ég skrifaði unglingabókina Allt í sleik sem fjallar um partí sem fer úr böndunum birtist frétt á baksíðu Morgunblaðsins þar sem vitnað var í bókina og atvik sem gerðist í raunveruleikanum eftir að bókin kom út.“



**Á FULLU Í BÓKAÚTGÁFU** Helgi segist alltaf hafa viljað vera sjálfs síns herra. MYND/ÚR EINKASAFNI

martaf@frettabladid.is



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Kristján Oddsson**
þjóðgarðsvörður á Þingvöllum,

lést laugardaginn 22. ágúst. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 2. september klukkan 15.

**Herdís Tómasdóttir**
**Tómas Már Sigurðsson** **Ólöf Nordal**
**Kristín Vilborg Sigurðardóttir** **Haukur Hauksson**
**Sigríður Björg Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigurrós Edda Ófeigsdóttir**
áður til heimilis að Njarðargötu 33, Reykjavík,

andaðist að hjúkrunar- og dvalarheimilinu Holtsbúð, Garðabæ, aðfaranótt 24. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 1. september klukkan 13.00.

**Þórdís Hlöðversdóttir**
**Hildur Hlöðversdóttir** **Gunnlaugur Guðmundsson**
**Sigríður Hlöðversdóttir** **Guðmundur Ragnar Ólafsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir fyrir alla þá miklu samúð, hjálp og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, dóttur, tengdadóttur og ömmu,*

**Margrétar Jósefsdóttur**
Vesturgili 12, Akureyri.

**Sigmundur Sigurjónsson**
**Sandra Sigmundsdóttir**
**Sigrún Sigmundsdóttir**
**Arnheiður Helga Guðmundsdóttir**
**Sigríður Þórðardóttir** **Haukur Haraldsson**
**Sessilía Sól Davidsdóttir**
**systkini, mágar og fjölskyldur þeirra.**



*Frænka mín,*

**Guðný Þórðardóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði, áður Stigahlíð 36,

lést þriðjudaginn 25. ágúst. Útförin fer fram frá Háteigskirkju þriðjudaginn 1. september kl. 13.00.

**Gunnvör Valdimarsdóttir** **Jóhann G. Sigfússon**
**Ragna, Alda Sif, Þorsteinn, Þórgunnur**
**og fjölskyldur.**



*Elskuleg móðir okkar og dóttir,*

**Soffía Margrét Jónsdóttir**
Þrastarási 14, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 25. ágúst. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 3. september kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á styrktarreikning nr. 140-05-070155 kt. 160287-2259.

**Rebekka María Jóhannesdóttir**
**Örn Ísak Jóhannesson**
**Arthur Lúkas Soffíuson**
**Brynhildur Guðmundsdóttir**
**Jón Örn Gissurarson**
**og aðrir aðstandendur.**



*Eiginmaður minn, stjúpsonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Þorsteinn Broddason**
Lágholti 2b, Mosfellsbæ,

lést mánudaginn 24. ágúst. Útförin fer fram frá Neskirkju í Reykjavík þriðjudaginn 1. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaheill.

**Guðríður Steinunn Oddsdóttir**
**Friðrika Gestsdóttir**
**Vin Þorsteinsdóttir** **Daníel Karl Ásgeirsson**
**Daði Þorsteinsson** **Maria Helen Wedel**
**Oddur Broddi Þorsteinsson**
**Stefán Broddi Daníelsson**
**Eir Lilja Daníelsdóttir**
**Sunna Daðadóttir Wedel**

# Innipúkar í björgunarsveitum

„Það mætti segja að við séum innipúkarnir í slysadeildunum þar sem við sinnum ekki björgunarstarfi. Við sjáum aftur á móti um fjáröflun fyrir deildirnar og í lengri útköllum sjáum við um matseld fyrir leitarmennina. Ég vil ekki láta vekja mig um miðja nótt til að fara út í óveður en ég er tilbúin til að vaða eld og brennistein fyrir fólkið sem gerir það,“ segir Fríður Birna Stefánsdóttir, formaður Slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík, en deildin er hluti af Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Félagið var stofnað árið 1930 og er jafnframt fyrsta kvennadeildin sem stofnuð var á landinu. Fríður Birna segir að upphaflega hafi samtökin verið mönnuð af sjómannsfrúm. Nú er tíðin önnur og félagsmenn konur úr öllum stéttum. „Þetta er þó ekki eintóm vinna því félagsskapurinn er góður.“

Í Slysavarnadeild kvenna eru um tvö hundruð meðlimir og að sögn Fríðar Birnu eru þeir á öllum aldri. „Þær yngstu eru tólf ára og sú elsta er um nírætt, þannig að þetta er breiður hópur kvenna.“

Aðspurð segir Fríður Birna að samtökin séu öllum opin og bendir á að sérstakur kynningarfundur verði haldinn 10. september um borð í Sæbjörginni. - sm


FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRKISSON

**SKEMMTILEGT FÉLAGSSTARF** Fríður Birna segir félagsstarfið í kvennadeildinni skemmtilegt. Meðlimir félagsins eru á öllum aldri.





**BRÚÐUGERÐARMAÐUR** Bernd Ogrodnik er meðal fyrirlesara.

## Norræn list

Hvernig upplifa íslenskir og erlendir listamenn á Íslandi norrænt samstarf á sviðum lista og menningar? Fjallað verður um það á opnum fundi í kjallara Alþýðuhússins í kvöld sem hefst klukkan 20.

Markmið fundarins er að fjalla um mikilvægi samstarfs á vettvangi lista og menningar, sérstaklega með tilliti til innflytjenda á Norðurlöndunum. Þrír góðir gestir munu fjalla um málið frá sinni hlið og vekja upp spurningar á borð við: Hvað er norræn menning? Hvernig upplifa listamenn af erlendum uppruna á Íslandi norræna samvinnu? Hvaða tækifæri gefast og hvaða hindranir eru í veginum?

Gestirnir eru Bernd Ogrodnik brúðuleikari, Karen María Jónsdóttir, fagstjóri dansdeildar Listaháskóla Íslands, og Stefán Baldursson, óperustjóri og fulltrúi Íslands í stjórn Norræna menningarsjóðsins.

Ráðgjafahópur Norræna menningarsjóðsins stendur fyrir fundinum.


**NORRÆNA HÚSIÐ** Þar mun vísnasöngur hljóma.

## Vísur í Norræna húsinu

Hópur vísnasöngvara frá Norðurlöndunum, Vísnavekjararnir, heldur tónleika í Norræna húsinu í dag mánudaginn 31. ágúst. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 en þar mun hópurinn syngja vísur sem allir kannast við. Eftir tónleikana verður létt spjall og opinn hljóðnemi. Það þýðir að ef áheyrendur kunna vísu er þeim velkomið að stíga á stokk og syngja.

Vísnavekjararnir verða einnig með tónleika á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum og leikskólanum Sólhlíð á morgun. 2. september halda þeir til Egilsstaða og verða með tónleika í kirkjunni þar klukkan 20.





NOKKUR ORÐ
Þórunn Elísabet Bogadóttir

# Stærsti sigurinn til þessa

Ég má til með að tjá mig enn meira um íslenska kvennalandsliðið í fótbolta.

Það hafa nefnilega undur og stórmerki gerst. Ég var búin að taka eftir þessu fyrir svolitlu síðan, það byrjaði í undankeppninni fyrir Evrópumótið. Þá sá ég nefnilega unga stráka, eiginlega til jafns við ungar stelpur, hvetja stelpurnar til dáða. Eftir leikina vildu þeir svo fá eiginhandaráritanir og að taka í hendurnar á hetjunum, alveg til jafns við stelpurnar. Svo fór ég á Stelpurnar okkar í bíó og tók enn frekar eftir þessu. Krakkahópurinn sem þar var var af báðum kynjum. Hingað til hefur það miklu frekar verið þannig þegar kemur að karlaliðunum.



Ég gladdist mikið yfir þessu. Ekki aðeins er nauðsynlegt fyrir stelpur að hafa jákvæðar kvenfyrirmyndir, það er alveg jafn nauðsynlegt að strákar hafi fyrirmyndir af báðum kynjum.

En þó að strákarnir hafi verið búnir að opna augun var ekki endilega alveg sömu sögu að segja um karlmennina. En eftir leiki í Evrópumótinu sýnist mér þetta hafa breyst. Ég horfði á fyrsta leik stelpnanna okkar umkringd karlmönnum. Í fyrstu heyrðust nokkrar háðsglósur, en eftir smá stund tók ég eftir því að eitthvað breyttist. Þeir fóru nefnilega að lifa sig inn í leikinn alveg eins og aðra leiki, og hrópuðu og kölluðu. Þeir urðu alveg jafn svekktir og ég yfir tapinu þá, og hafa fylgst vel með síðan.

Þrátt fyrir að í þetta skipti hafi ekki gengið sem skyldi gerir það lítið til. Þessar stelpur eiga eftir að komast á fleiri stórmót. Þær fengu konur, karla, stráka og stelpur til jafns, til að fylgjast með þeim af áhuga og aðdáun. Það er stærsti sigurinn.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




KOMDU Í SKÁTANA!
www.skatar.is




Boltinn er hjá okkur!

Arsenal Wigan
18. - 20. september
Verð á mann í tvíbýli:
79.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

West Ham Liverpool
18. - 20. september
Verð á mann í tvíbýli:
79.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, hótelgisting í 2 nætur með morgunverði og miði á leikinn.

Man. Utd. Man. City
19. - 21. september
TILBOÐ!
Verð á mann:
44.900 kr.
Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum og miði á leikinn.

Það verður gott úrval af leikjum í allan vetur hjá Express ferðum

Nánar á expressferdir.is eða í síma 5 900 100
Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



## > Tvö töp í körfunni



Karla- og kvennalandslið Íslands í körfubolta voru í eldlínunni um helgina og bæði töpuðu. Karlaliðið tapaði fyrir Austurríki, 65-76. Ísland hafnaði í þriðja sæti síns riðils. Logi Gunnarsson var stigahæstur í íslenska liðinu með 17 stig og Jón Arnór Stefánsson var með 16. Kvennaliðið lá gegn liði Svartfjallalands, 62-77. Helena Sverrisdóttir var stigahæst í íslenska liðinu með 23 stig. Birna Valgarðsdóttir kom næst með 18 stig.

sport
sport@frettabladid.is

KR LAGÐI FRAM Í PEPSI-DEILDINNI Í GÆR: BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA SKORAÐI Í SÍNUM SJÖUNDA LEIK Í RÖÐ

# *Hef ekki verið í svona góðu formi í mörg ár*

Þrír leikir fóru fram í Pepsi-deildinni um helgina. ÍBV og Valur skildu jöfn í Eyjum, 1-1, og það varð einnig jafntefli í leik Fjölnis og Keflavíkur, 3-3, en þessir leikir fóru fram á laugardaginn. Í gærkvöldi mættust síðan Reykjavíkurliðin KR og Fram í Vesturbænum. Þann slag vann KR, 3-1, og skoraði Björgólfur Takefusa í sínum sjöunda leik í röð í leiknum.

„Mér er sagt að þetta sé sjöundi leikurinn. Ég er ekki að telja sjálfur," segir Björgólfur og hló létt. „Það gerir mikið fyrir sálarlíf framherjans að skora mikið. Maður fer sáttari heim og sérstaklega þegar mörkin skila því að við vinnum leiki."

Eftir því er tekið að Björgólfur er í mjög góðu formi, sem er sérstakt fyrir þær sakir að hann byrjaði ekki að æfa almennilega fyrr en í mars.

„Ég er í miklu betra formi en síðustu ár. Ég hef ekki verið í svona góðu formi í mörg ár. Ég varð að taka mér smá frí frá boltanum og hafði mjög gott af því bæði andlega og líkamlega. Ég er miklu betri þegar ég kem til baka. Þessi pása hjálpaði til við að gíra mig upp fyrir sumarið," segir Björgólfur og viðurkennir að hafa verið kominn með smá leiða.



„Ég var eitthvað aðeins leiður. Það var aldrei neitt frí og það tók svolítið gleðina frá mér. Því var það gott að geta aðeins komist frá þessu. Hugarfarið var annað þegar ég kom til baka og gleðin miklu meiri."

Þorvaldur Örlygsson, þjálfari Fram, var eðlilega svekktur í leikslok enda fyrsta tap Fram í rúman mánuð staðreynd.

„Það er alltaf svekkjandi að tapa. Sérstaklega eftir svona góðan fyrri hálfleik. Oft dettur ekki allt með okkur og það gerði það ekki í dag. Við kláruðum ekki síðari hálfleikinn," sagði Þorvaldur.

„Við dettum niður eftir að þeir komast yfir. Þá urðum við pirraðir enda fannst okkur að við ættum hugsanlega að fá aukaspyrnu þá. Það var samt ekkert við því að gera," sagði Þorvaldur Örlygsson.



**BARIST VIÐ ÞÆR BESTU** Edda Garðarsdóttir berst hér um boltann við einu bestu knattspyrnukonu allra tíma, Birgit Prinz. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

# Flottur lokaleikur hjá stelpunum

## Íslenska kvennalandsliðið endaði EM á góðum leik gegn heims- og Evrópumeisturum Þjóðverja.

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið endaði þáttöku sína á EM í Finnlandi með fínum leik gegn Þjóðverjum. Íslenska liðið tapaði leiknum naumlega, 0-1.

Íslenska liðið tapaði öllum þremur leikjum sínum á EM en stelpurnar bættu sig með hverjum leik og ættu að geta gert miklu betur þegar þær mæta reynslunni ríkari á næsta stórmót.

„Við spiluðum frábæra vörn í dag og sköpuðum okkur síðan þrjú góð tækifæri. Það hefði ekki mikið þurft að gerast til að það hefði orðið jafntefli á móti ríkjandi heims- og Evrópumeisturum," sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari eftir leikinn en hann hrósaði einbeitingu, vinnusemi og baráttu stelpnanna.

Þjálfarinn gerði þrjár árangursríkar breytingar á liðinu og þeir leikmenn sem komu inn stóðu sig allir mjög vel. „Ég var virkilega ánægður með hvað Guðbjörg varði vel og greip vel inn í þegar á þurfti að halda. Katrín spilaði líka vel á miðjunni og náði að halda boltanum betur en hún hefur gert áður. Sif kláraði vel sinn mann í hægri bakvarðarstöðunni," sagði Sigurður Ragnar.

Besti maður íslenska liðsins var þó fyrirliðinn Katrín Jónsdóttir, sem stjórnaði varnarleiknum eins og herforingi. „Hún er frábær leiðtogi fyrir liðið og gríðarlega mikilvæg. Hún átti mjög góðan leik," sagði Sigurður Ragnar.

Landsliðsþjálfarinn var stoltur af sínu liði eftir þennan leik sem var góður endapunktur á lærdómsríku móti.

„Ég held að við getum verið mjög stolt af frammistöðunni því það er ekki aðalatriðið hvort við höfum fengið núll stig eða eitt stig út úr þessum leik. Þessi leikur og mótið gefa okkur mikið sjálfstraust fyrir framtíðina. Við sjáum að við eigum fyllilega heima á þessu móti."



EM Í FINNLANDI

**ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON**
skrifar frá Tampere
*ooj@frettabladid.is*

Guðbjörg Gunnarsdóttir og Sif Atladóttir fengu tækifærið og stóðu sig vel:

# Erum betri en mörg lið á þessu móti

**FÓTBOLTI** „Ég var mjög ánægð að fá tækifærið í markinu. Ég var undirbúin fyrir þetta og ég vona að ég hafi nýtt tækifærið vel," sagði markvörðurinn Guðbjörg Gunnarsdóttir, sem varði vel.

Guðbjörg vildi meina að það hefði verið brotið á sér í sigurmarki Þjóðverja. „Mér fannst þetta vera brot en ég verð að sjá þetta aftur. Mér fannst ég vera með hald á boltanum þegar ég lendi í þessu klafsi. Það er hrikalega svekkjandi að tapa á einhverju svona marki," sagði Guðbjörg.

„Mér finnst við vera mikið betra lið en mörg lið sem eru á þessu móti. Við vorum óheppnar með riðil og ég held að það séu allir sammála því. Við getum farið með fullt í reynslubankann fyrir næstu keppni," sagði Guðbjörg.

„Ég hafði það markmið að fá að spila og þetta var sú þjóð sem ég vildi helst spila á móti því ég er fædd og uppalin í Þýskalandi. Vonandi náði ég að standa mig það vel og ég hafi náð að minna á mig svolítið," sagði Sif Atladóttir, sem stóð sig vel í hægri bakverði. „Þær áttu í basli með okkur og maður fann það. Þær voru orðnar mjög pirraðar, maður fékk olnbogann frá þeim og var látinn vita af því. Um leið og maður fær slíka kveðju veit maður að maður er með andstæðinginn í vasanum," sagði Sif. - óój



**GUÐBJÖRG GUNNARSDÓTTIR** Stóð sig vel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/OSSI AHOLA

## ÚRSLIT

### *Pepsi-deild karla*

KR-Fram 3-1
Björgólfur Takefusa, Mark Rutgers, Skúli Jón Friðgeirsson - Almarr Ormarsson.
ÍBV-Valur 1-1
Ajay Leitch Smith - Sigurbjörn Hreiðarsson, víti.
Fjölnir-Keflavík 3-3
Tómas Leifsson 2, Jónas Grani Garðarsson - Simun Samuelsen, Magnús Sverrir Þorsteinsson, Jón Gunnar Eysteinsson.

### *Enska úrvalsdeildin*

Man. Utd-Arsenal 2-1
Wayne Rooney (víti), Abou Diaby (sjm) - Andrey Arshavin.
Chelsea-Burnley 3-0
Nicolas Anelka, Michael Ballack, Ashley Cole.
Tottenham-Birmingham 2-1
Peter Crouch, Aaron Lennon - Lee Bowyer.
Blackburn-West Ham 0-0
Bolton-Liverpool 2-3
Kevin Davies, Tamir Cohen - Glen Johnson, Fernando Torres, Steven Gerrard.
Stoke-Sunderland 1-0
Dave Kitson.
Wolves-Hull 1-1
Richard Steadman - Geovanni.
Portsmouth-Man. City 0-1
- Emmanuel Adebayor.
Everton-Wigan 2-1
Louis Saha, Leighton Baines (víti) - Paul Scharner
Aston Villa-Fulham 2-0
John Pantsil (sjm.), Gabriel Agbonlahor.


TÓNVINNSLUSKÓLINN
ProTools-skólinn á Íslandi







Upptöku- og útsetninganámskeið haust 2009

● Tónvinnslunámskeiðið hefst í september
● Farið verður í ProTools 101 og ProTools 110
● Prufuupptökugerð (demo) í Midi-umhverfi ProTools og forritin Reason og Melodine kynnt
● Upptökur á frumsömdu lagi í hljóðveri með hljóðfæraleikurum
● Masterclass í hljóðblöndun í ProTools (EQ, Compressors, Reverp delay, Chorus, o.fl.)

Hægt er að sækja um þátttöku á slóðinni www.tonvinnsluskoli.is eða í síma 5349090

TÓNVINNSLUSKÓLINN
Sponsored Digidesign School
digidesign
PRO TOOLS

# Hljómsveitin bjargaði mér

**Júlía Hermannsdóttir nýtur lífsins í New York sem háskólanemi og rokkari.**



**SPILAR OG SYNGUR** Júlía Hermannsdóttir segir frá hljómsveitarsenunni í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Eiginlega allt þetta ár hafa verið tónleikar í hverri viku, þannig að það vantar ekki að við fáum einhverja staði að spila á, sem er rosa fínt," segir Júlía Hermannsdóttir um hljómsveitina Feather and Folly sem hún er í úti í New York. Þar leggur hún stund á nám við Parsons, The New School for Design.

„Ég er búin að fá tækifæri til að ferðast mikið um Bandaríkin, en áður en ég fór í þessa hljómsveit hafði ég eiginlega ekkert farið fyrir utan New York. Í sumar er ég búin að fara til Seattle og spila á nokkrum tónleikum þar. Svo fór ég til North-Carolina og spilaði á þjóðhátíðardaginn, það var mikil upplifun. Svo erum við að fara til Boston eftir að ég kem til baka."

Hún segir bandið halda í henni lífinu úti. „Algjörlega, mér gengur ágætlega í skólanum, allavega í flestu, en mér er búið að finnast mjög erfitt. Ég fór ein út þegar ég var nítján ára og átti erfitt með að passa inn fyrst og gera mér eitthvert líf þarna. Hann er rosalega strangur þessi skóli, mikil pressa og eiginlega ekki búist við því að maður sofi neitt. Svo í byrjun þriðja árs kynntist ég stelpu sem var í hljómsveitinni. Hún var einhvern tímann að tala um að þau vantaði svo tambúrínuleikara og ég hugsaði með mér, ég var nú í hljómsveit á Íslandi og gæti alveg hrist tambúrínu. Þannig að ég prófaði að spila með þeim í eitt skipti." Eftir það var Júlía komin í hljómsveitina, en hér heima var hún í We Painted the Walls.

„Það breytti öllu fyrir mig, ég hafði þarna eitthvað til að lifa fyrir annað en skólann og eitthvað til að fá útrás í gegnum ef ég var að drepast úr stressi. Þegar ég hitti þessar stelpur þá enduruppgötvaði ég tónlistarsenuna í New York. Það er langskemmtilegast að fara á litla tónleika og kynnast öðrum tónlistarmönnum. Það er fullt af fólki sem er hrokafullt og leiðinlegt en það er líka fullt af fólki sem er indælt og klárt."

Er einhver útgáfa plönuð? „Við tökum rosa mikið upp sjálfar og brennum diska, búum til falleg hulstur og seljum ódýrt á tónleikum, það selst ótrúlega vel. Svo var reyndar eitthvert plötufyrirtæki frá Bretlandi að tala við okkur og vildi fá lag á safndisk með því sem þeir töldu „topp neðanjarðarbönd New York", en ég veit eki alveg hvenær eða hvort það kemur út. En við erum ekki búnar að plana neina alvöru útgáfu."

kbs@frettabladid.is


NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| UPP 3D ÍSLENSKT TAL | kl. 3.45 - 5.50 | L |
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 5 - 8 - 10.30 | 16 |
| INGLORIOUS BASTERDS LÚXUS | kl. 5 - 8 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 5 - 8 | 16 |
| ÍSÖLD 3 ÍSLENSKT TAL | kl. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| STELPURNAR OKKAR | kl. 6 - 8 | L |
| G.I. JOE | kl. 10 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 6 - 9 | 16 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 6 - 9 | 16 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 - 10 | 16 |
| G.I. JOE | kl. 6 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE GOODS LIVE HARD SELL HARD | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| THE TIME TRAVELER'S WIFE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| TAKING OF PELHAM 123 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| MY SISTERS KEEPER | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| KARLAR SEM HATA KONUR | kl. 10.10 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| INGLORIOUS BASTERDS | kl. 7 og 10(POWER) | 16 |
| THE GOODS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| THE TAKING OF PELHAM 123 | kl. 8 og 10.10 | 16 |
| G.I.JOE: THE RISE OF COBRA | kl. 5.45 | 12 |



FRÁ LEIKSTJÓRANUM QUENTIN TARANTINO KEMUR HANS MAGNAÐASTA, VILLTASTA OG STÓRKOSTLEGASTA ÆVINTÝRI TIL ÞESSA.

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 16 |
| INGLOURIOUS BASTERDS | kl. 10:10 | VIP |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8(3D) | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 3:40 - 5:50 - 8 | VIP |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 8 - 10:40 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 3:30 - 5:50 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| HARRY POTTER | kl. 5 | 10 |
| THE HANGOVER | kl. 3:40 | 12 |

SKRÁÐU ÞIG Í FRÍÐINDAKLÚBB SAMBÍÓANNA Á HTTP://FACEBOOK.SAMBIOIN.IS

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 6(3D) - 8(3D) - 10:10(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 8:20 - 10:30 | 16 |
| PUBLIC ENEMIES | kl. 10:10 | 16 |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 4(3D) | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | L |
| UP M/ Ensk. Tali | kl. 8 - 10:20 | L |
| G-FORCE M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE PROPOSAL | kl. 8 | L |
| DRAG ME TO HELL | kl. 10:20 | 16 |

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

Snilld í áskrift!

KORTASALA

Sala áskrifta er hafin. Hafðu samband í síma 545 2500 og tryggðu þér besta sætið með ríflegum afslætti. Verðið er óbreytt frá síðasta starfsári.

**Rauða röðin** » Stór hljómsveitarverk
**Gula röðin** » Rómantískir snillingar og magnaðir einleikarar
**Græna röðin** » Vinsæl klassík
**Regnbogakort** » Fast sæti á tónleika að eigin vali
**Litli tónsprotinn** » Tónlistarveisla fyrir alla fjölskylduna

**Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is**



**Opið hús laugardaginn 5. september kl. 13:00**

AÐALSTYRKTARAÐILAR BORGUN Morgunblaðið

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Miðasala** » Sími 545 2500 » www.sinfonia.is » Miðasalan í Háskólabíói er opin alla virka daga frá kl. 9-17

# Sigurvegari á Cannes kemur

Gríski leikstjórinn Giorgos Lanthimos heldur fyrirlestur í kvikmyndasmiðju Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar sem verður haldin í Reykjavík í næsta mánuði. Nýjasta mynd hans, Dogtooth, hlaut Un Certain Regard-verðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Cannes í vor en þau eru veitt ungum og upprennandi leikstjórum. Í kvikmyndasmiðjunni ætlar hann að spjalla við gesti auk þess sem mynd hans verður greind út frá kvikmyndafræðinni.

Garðar Stefánsson, sem skipuleggur smiðjuna, segir það mikinn feng að fá Lanthimos til landsins. „Þessi mynd hans er að slá í gegn úti um allan heim og er núna að koma á Toronto-hátíðina. Hann staðfesti sig mjög snemma og ætlar að spjalla um handritið, allt niður í lokaklippinguna. Síðan gefst fólki tækifæri til að spyrja hann spjörunum úr,“ segir Garðar.

Á meðal annarra leikstjóra sem koma við sögu í kvikmyndasmiðjunni eru Friðrik Þór Friðriksson, sem ætlar að ræða feril sinn og gefa góð ráð, og Baltasar Kormákur sem sýnir þátttakendum sviðsmyndina úr nýjustu mynd sinni, Vikingr. - fb



**GIORGOS Á CANNES** Giorgos á Cannes-hátíðinni ásamt leikaraliðinu úr myndinni Dogtooth. NORDICPHOTOS/GETTY

# Dansinn dunar

„Meginmarkmið hátíðarinnar er að færa danslistina nær hinum almenna borgara, auka sýnileika nútímadans í samfélaginu og kynna sjálfstætt starfandi danslistamenn á Íslandi,“ segir Katrín Dagmar Beck, kynningarstjóri Reykjavík Dance Festival. Hátíðin fer fram dagana 3. til 6. september í Hafnarfjarðarleikhúsinu og verður boðið upp á sérstakar strætóferðir milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðarleikhússins til að auðvelda borgarbúum að sækja hana.

„Á hátíðinni verða frumsýnd sex ný íslensk dansverk og að auki verður haldin dansganga þar sem dans mun birtast almenningi á hinum ýmsu stöðum í miðborg Reykjavíkur bæði innandyra og utan. Í ár hafa skipuleggjendur erlendra danshátíða staðfest komu sína en með komu þeirra opnast möguleikar á mikilvægum tengslanetum, erlendu samstarfi og síðast en ekki síst útrás íslenskra dansverka.“ - ag



**KATRÍN DAGMAR** Sex ný íslensk dansverk á Reykjavík Dance Festival.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**S.L.Á.T.U.R** Áki Ásgeirsson tónskáld er einn meðlima samtakanna.

# Tónsmiðir spila á músagildrur

S.L.Á.T.U.R. lýkur tónleikaferð sinni um Norðurlönd með tónleikum í Norræna húsinu laugardaginn 5. september næstkomandi. Nafnið S.L.Á.T.U.R er stytting á heitinu Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík, en samtökin voru formlega stofnuð nú í ár. Á tónleikunum verða flutt átta verk eftir jafnmörg tónskáld og eru flytjendur verkanna allir í samtökunum. Verkin voru sérstaklega samin fyrir tónleikaferðina og eru tónleikarnir í Norræna húsinu þeir síðustu í röðinni.

Áki Ásgeirsson tónskáld er meðlimur í S.L.Á.T.U.R. Hann segir að markmið samtakanna séu meðal annars að kynna listrænt ágenga tónlist fyrir fólki. „Það sem er sérstakt við hópinn er að við erum hópur tónskálda og ekki hljómsveit. Við byrjuðum auðvitað allir í tónlistarnámi áður en við fórum í tónsmíðanám, þannig að við kunnum allir að leika á hljóðfæri,“ segir Áki og bætir við að í tónverkunum sé notast við ýmis óhefðbundin hljóðfæri líkt og músagildrur og hjartslátt. „Hjartslátturinn er notaður sem uppspretta takts. Hljóðfæraleikararnir spila í takt við sinn eigin hjartslátt og stjórnandinn reynir að hafa áhrif á hraða hjartsláttarins með mismunandi aðferðum. Þetta er mjög tilraunakennd tónlist, en skemmtileg og ég held að allir geti haft mjög gaman af henni.“

Tónleikarnir í Norræna húsinu hefjast klukkan 20.30 og er aðgangur ókeypis. - sm



**ÓVANALEG HLJÓÐFÆRI** S.L.Á.T.U.R. meðlimir notast við ýmis óhefðbundin hljóðfæri í tónverkum sínum. Hér má sjá brot af þeim.




> **Jennifer Aniston**

„Þegar ég sé sjálfa mig á forsíðu tímarits þá sé ég ekki kyntákn. Ég sé konu sem búið er að eyða mikilli vinnu og tíma í að láta líta vel út.“

***Aniston fer með hlutverk í kvikmyndinni Picture Perfect sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***



# dagskr

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON VERÐUR AÐ KOMA ÞESSU AÐ:

# *Sá á kvölina sem á völina*

Þó að nokkuð sé um liðið get ég ekki orða bundist. Mig langar til að gera heimildarmyndina Lake of Fire, sem RÚV sýndi fyrr í sumar, að umtalsefni.

Mig rennur í grun að margir þarna úti hafi farið í gegnum tilfinningalegan rússíbana á meðan þeir horfðu á þetta meistaraverk. Viðfangsefnið er auðvitað þess eðlis að ekki er von á öðru.

Fóstureyðingar verða seint nokkuð sem allir geta verið sammála um. Það er ekki hægt að taka sér bólfestu á svörtu eða hvítu svæði þegar að þessu kemur. Það er jafnvel erfitt yfir höfuð að skrifa stuttan pistil um heimildarmynd eins og þessa – svo skíthræddur er maður við að takast á við þann tilfinningagraut sem þetta málefni er til eilífðar brennimerkt til að kokka upp.

Myndin fjallar sem sagt um fóstureyðingar; sögusviðið er Bandaríkin. Leikstjóri myndarinnar, Tony Kaye, sat í fimmtán ár yfir verkefninu áður en hann sendi myndina frá sér og segir það nokkuð um þungann sem þessu fylgir. Hann horfir á málið frá sjónarhóli þeirra sem hatast við hugmyndina um eyðingu lífs, jafnt og þeirra sem ganga þau svipugöng að taka þessa ákvörðun. Á þeirri leið sveiflast áhorfandinn á milli skilnings og viðbjóðs, enda gefur myndefnið sem sýnt er í myndinni áhorfandanum enga miskunn. Það er sorglegt. Það er eina orðið. Sorglegt.



Hafði ég gott af því að horfa á myndina? Ég held það. Lærði ég eitthvað? Heldur betur. Get ég gefið einhverjum góð ráð um þetta málefni þess vegna? Það fer svo fjarri því!

Nú hugsar þú kannski: Segðu mér eitthvað bitastætt um myndina. Drápu ekki andstæðingar fóstureyðinga lækna og hjúkrunarfólk með þeim rökum að þeir væru réttdræpir fyrir þá sök að þeir tækju líf?

Jú, þessi þversögn er ástæðan fyrir því að þú þarft að horfa, hversu óþægilegt sem það gæti reynst.

## MÁNUDAGUR



▶ **17.30 ER** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **19.45 Two and a Half Men** STÖÐ 2



▶ **20.00 Barcelona – Sporting, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **21.00 Bachelorette** SKJÁREINN



▶ **21.15 Glæpahneigð** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Táknmálsfréttir**

**16.00 EM kvenna í fótbolta** Bein útsending frá leik Svía og Englendinga á Evrópumóti landsliða sem fram fer í Finnlandi.

**18.00 Millý og Mollý** (24:26)

**18.13 Halli og risaeðlufatan** (24:26)

**18.25 Út og suður** (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.20 Breska konungsfjölskyldan** (Monarchy - The Royal Family at Work) (6:6) Heimildamyndaflokkur um bresku konungsfjölskylduna og opinber störf hennar.

▶**21.15 Glæpahneigð** (Criminal Minds) (50:65) Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna til þess að reyna að sjá fyrir og koma í veg fyrir frekari illvirki þeirra.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 EM kvöld** Fjallað um leiki dagsins á EM kvenna sem fram fer í Finnlandi.

**22.50 Íslenski boltinn** Sýnd verða mörkin úr síðustu leikjum á Íslandsmótinu í fótbolta.

**23.35 Fé og freistingar** (15:23) (e)

**00.20 Flokksgæðingar** (4:8) (e)

**01.10 Kastljós** (e)

**01.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.05 Zoom**

**10.00 Jimmy Neutron: Boy Genius**

**12.00 The Birdcage**

**14.00 Coming to America**

**16.00 Zoom**

**18.00 Jimmy Neutron: Boy Genius**

**20.00 Picture Perfect** Kate ræður leikara til að leika unnusta sinn í von um að það geri samstarfsmann sinn sem hún er hrifin af, afbrýðisaman.

**22.00 Amy's Orgasm**

**00.00 Me and You and Everyone We Know**

**02.00 Cursed**

**04.00 Amy's Orgasm**

**06.00 Buena Vista Social Club**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego, áfram!, Kalli litli Kanína og vinir og Ævintýri Juniper Lee.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Doctors** (14:25)

**10.00 Doctors** (15:25)

**10.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (8:10)

**11.05 60 mínútur**

**11.50 Wildfire** (13:13)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Dear Frankie** Einstæð móðir ákveður að uppfylla draum sonar síns um að hitta föður sinn. En í stað þess að hafa uppi á föðurnum fær hún annan mann til að látast vera hann svo sonurinn verði ekki fyrir vonbrigðum.

**14.45 Newlywed, Nearly Dead** (8:13)

**15.10 ET Weekend**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Njósnaraskólinn, Galdrastelpurnar og Ævintýri Juniper Lee.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (18:24) Monica lendir í smá veseni þegar hún heldur ræðu í tilefni af 35 ára brúðkaupsafmæli foreldra sinna, Phoebe mætir með nýja kærastann sinn í veisluna sem Alec Baldwin leikur.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

▶**19.20 The Simpsons** (12:22) Simpson-fjölskyldan er söm við sig og hefur ef eitthvað er aldrei verið uppátækjasamari.

**19.45 Two and a Half Men** (12:24) Gamanþáttur um bræðurna Charlie og Alan Harper. Charlie er eldhress piparsveinn sem kærir sig ekki um neinar flækjur en Alan er sjúklegur snyrtipinni sem á í stökustu vandræðum með sjálfstraustið.

**20.10 So You Think You Can Dance**

**21.35 So You Think You Can Dance**

**23.05 John From Cincinnati** (2:10)

**23.55 Privat Moments**

**01.15 Bones** (25:26)

**02.00 Puff, Puff, Pass**

**03.35 Dear Frankie**

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**14.45 The Barclays** Útsending frá Barclays-mótinu í golfi.

**17.45 Þróttur - FH** Bein útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

▶**20.00 Barcelona - Sporting** Bein útsending frá leik í spænska boltanum.

**22.00 Pepsímörkin 2009** Magnús Gylfason og Tómas Ingi Tómasson fara yfir alla leiki umferðarinnar ásamt íþróttafréttamönnum Stöðvar 2 Sport.

**23.00 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.30 Þróttur - FH** Útsending frá leik í Pepsí-deild karla í knattspyrnu.

**01.20 Pepsímörkin 2009**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Fulham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.05 Blackburn - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**18.45 PL Classic Matches** Aston Villa - Liverpool, 1998. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**19.15 Bolton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**21.00 Premier League Review**

**22.00 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.30 Man. Utd - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**18.10 Rachael Ray**

**18.55 America's Funniest Home Videos** (19:48) Fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu. (e)

**19.20 Robin Hood** (11:13) Bresk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um hetjuna Hróa hött, útlagann sem rænir þá ríku til að gefa hinum fátæku. (e)

**20.10 Kitchen Nightmares** (2:13) Gordon Ramsay heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu.

▶**21.00 Bachelorette** (8:12) DeAnna fer með þá þrjá sem eftir eru á paradísareyju. Þar hitnar í kolunum og nú fá strákarnir tækifæri til að sofa hjá henni í fyrsta sinn.

**21.50 Home James** (9:10) Þáttaröð um fyrirtæki í Los Angeles sem býður óvenjulega þjónustu. Ef fólk er búið að fá sér í glas og er ekki í ástandi til að keyra heim getur það hringt í Home James sem sendir einkabílstjóra á staðinn á litilli vespu.

**22.20 Murder** (9:10) Bandarísk raunveruleikasería þar sem venjulegt fólk glímir við raunverulegar morðgátur. Sex þátttakendum er skipt í tvö lið sem rannsaka vettvang glæpsins, fá aðgang að lögregluskýrslum og niðurstöðum krufningar.

**23.10 Penn & Teller: Bullshit** (49:59) Háðfuglarnir Penn & Teller leita sannleikans en takmark þeirra er að afhjúpa svikahrappa og lygalaupa með öllum tiltækum ráðum.

**23.40 The Dead Zone** (11:13) (e)

**00.30 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Eldum íslenskt** Matreiðsluþáttur með íslenskar búvörur í öndvegi.

**20.30 Frumkvöðlar** Í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur.

**21.00 7 leiðir með Gaua litla** Guðjón Sigmundsson, Sigurbjörg Jónsdóttir og Viðar Garðarsson hafa umsjón með þætti um heilsufar og mataræði.

**21.30 Í nærveru sálar** Umsjón hefur Kolbrún Baldursdóttir sálfræðingur.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.10

### So You Think You Can Dance

Það er komið að úrslitum í stærstu danskeppni heims. Fjórir dansarar etja kappi um titilinn vinsælasta dansstjarna Bandaríkjanna: Evan, Jeanette, Brandon og Kayla. Tuttugu manna úrslitahópurinn kemur fram í ótrúlegu hópatriði, vinsælustu dansar sumarsins verða fluttir og allir uppáhaldsdómararnir okkar verða á sínum stað. Gæsahúð og ótrúleg tilþrif í úrslitaþætti So You Think You Can Dance í kvöld.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
## Kitchen Nightmares

### SkjárEinn kl. 20.10

Kjaftfori kokkurinn Gordon Ramsay mætir galvaskur til að bjarga veitingastöðum sem eru komnir á vonarvöl. Hann heimsækir veitingastaði sem enginn vill borða á og hefur eina viku til að snúa við blaðinu. Í þættinum í kvöld hittir Gordon þrjóskasta eiganda sem hann hefur kynnst. Þrátt fyrir að veitingastaðurinn hans sé í slæmu standi neitar hann að viðurkenna að neitt sé að.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunútvarp
**06.50** Bæn
**07.05** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Nafnabókin
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Framtíð lýðræðis
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Ehrengard
**22.45** Bláar nótur í bland
**23.20** Lostafulli listræninginn
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 93,5 | Rás 1 |
| FM 95,7 | FM957 | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 96,7 | Létt Bylgjan |
| FM 97,7 | X-ið | FM 98,9 | Bylgjan | FM 99,4 | Útvarp Saga |
| FM 90,1 | Rás 2 | FM 102,2 | Útvarp Latibær | FM 102,9 | Lindin |
| FM 105,5 | Útvarp Boðun | | | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (10:25)
**17.00 Doctors** (11:25)
▶**17.30 ER** (5:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.15 Seinfeld** (20:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli.
**18.45 Doctors** (10:25)
**19.15 Doctors** (11:25)
**19.45 ER** (5:22)
**20.30 Seinfeld** (20:22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.20 Ísland í dag**
**21.40 Back to You** (4:17) Kelsey Grammer leikur vinsælan og óþolandi sjálfumglaðan fréttalesara sem ræðst aftur til starfa á sjónvarpsstöð þar sem barnsmóðir hans vinnur einnig.
**22.05 Monk** (10:16) Adrien Monk heldur áfram að aðstoða lögregluna við lausn sérkennilegra sakamála sem flest hver eru æði kómísk þótt glæpir séu auðvitað alltaf dauðans alvara.
**22.50 Numbers** (7:23) Tveir ólíkir bræður sameina krafta sína við rannsókn flókinna sakamála. Sá eldri, Don, er varðstjóri hjá FBI en sá yngri, Charlie, er stærðfræðiséní sem fundið hefur leið til að nota reikniformúlur og líkindareikning í þágu glæparannsókna.
**23.35 Lie to Me** (11:13)
**00.20 The 4400** (4:13)
**01.05 Ástríður** (2:12)
**01.35 Sjáðu**
**02.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Absolutely Fabulous **12.45** Only Fools and Horses **13.35** The Weakest Link **14.20** The Weakest Link **15.05** Only Fools and Horses **15.55** Only Fools and Horses **16.45** EastEnders **17.15** The Weakest Link **18.00** My Family **18.30** Extras **19.00** Extras **19.30** Blackadder Goes Forth **20.00** Torchwood **20.50** My Family **21.20** Extras **21.50** EastEnders **22.20** The Weakest Link **23.05** Torchwood **23.55** Extras

## DR 1

**12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Skråplan **14.30** Braceface **14.55** Den lyserøde panter **15.00** Troldspejlet **15.15** Robotboy **15.30** Pippi Langstrømpe **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Gør det selv **18.00** Verdens værste naturkatastrofer **19.00** TV Avisen **19.25** Horisont **19.50** SportNyt **20.00** Danskere i krig **20.30** Bag tremmer **21.20** OBS **21.25** Eureka **22.05** Seinfeld **22.30** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Naboer **12.30** Andre avenyen **13.00** NRK nyheter **13.10** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Tid for tegn **15.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Små Einsteins **16.25** Vennene på Solflekken **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Puls **17.55** Velg! 09 **18.50** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** The Street **20.30** Karis lukkelege val **21.00** Kveldsnytt **21.15** Derrick **22.15** Wallenbergs **23.10** Birkebeinerrittet **23.40** Sport Jukeboks

## SVT 1

**12.40** Lilla Märta kommer tillbaka **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Anslagstavlan **15.00** Min älskade, tokiga mamma **15.25** I väntan på Pinocchio **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Himmelblå **18.45** Jag förstår inte **19.00** Fader, sonen och hushållerskan **20.00** På jakt efter paradiset **21.00** Kulturnyheterna **21.15** Puls på Sverige **22.15** Kristallen 2009


# Núna spörum við!




## -Sama hvað það er-

Ýsuflök roðlaus beinlaus
Þorskflök roðlaus beinlaus
Steinbítsflök
Rauðsprettuflök
Stórlúða
Plokkfiskur

Saltfiskur
Smálúða
Fiskibollur
Gellur
Keilusteikur
Laxaflök

Löngusteikur
Allir Fiskréttir
Allir Sósuréttir
Allur Marineraður fiskur
og fleira og fleira.

## Tilboðið Gildir Alla Vikuna






### Sjáumst eldhress í dag.

*(Allur fiskur í fiskborði, gildir ekki um frosinn fisk)

**Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755**

## HVAÐ SEGIR MAMMA?



*„Hún er náttúrlega ótrúleg þessi stelpa. Hún er svo hugulsöm og það er svo mikil væntumþykja hjá henni alltaf, sem breiðir úr sér. Hún hefur svo stóran faðm að hún vill hjálpa öllum.“*

Sigríður E. Zoëga um dóttur sína Ragnhildi, en hún gefur út plötu með Sigríði Thorlacius og Heiðurspiltum, foreldrum sínum til heiðurs, og kemur platan út á afmæli móðurinnar, 9. september.

# Lúðrasveitin Selur lætur til sín taka

„Við vorum þrjú úr Listaháskólanum sem vorum að tala um að okkur langaði að læra á önnur hljóðfæri yfir sumarið. Þannig við ákváðum bara að stofna lúðrasveit til að efla okkur í að læra á ný hljóðfæri saman og gera eitthvað skemmtilegt úr því,“ segir Erla Axelsdóttir um það sem seinna varð Lúðrasveitin Selur. Hópurinn samanstendur af tíu til tuttugu tónlistarmönnum.

„Við sendum tónlistarvinum okkar boð um hvort þeir vildu vera með í lúðrasveit en enginn mætti spila á það hljóðfæri sem hann kynni á heldur þyrftu allir að læra á eitthvað frá grunni. Við erum búin að æfa saman í sumar og spila á ýmsum stöðum. Þetta er búið að vera mjög gaman.“

Sveitin hefur spilað á Austurvelli, fyrir utan Hemma og Valda og Karamba. „Þetta vekur alltaf athygli, fólk kemur og hlær með okkur.“

Erla segir auðvelt að verða sér úti um hljóðfærin. „Það er nefnilega búið að vera furðu lítið vandamál þar sem lúðramenning virðist vera að detta upp fyrir, eins leiðinlegt og það er. Það þykir ekki eins flott að vera í lúðrasveitum lengur.“ Lög sveitarinnar eru í léttari kantinum. „Við höfum fengið aðsetur hjá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, þar er nótnasafn sem lúðrasveitin þar á og við höfum fengið nokkrar léttar útsetningar á lögum eins og Tequila, YMCA og La Bamba. Svo spiluðum við verk eftir Helga Rafn Ingvarsson og Birgit Myschi, þau sömdu sitt hvort verkið fyrir okkur til að spila á Menningarnótt.“

Hvað er svo fram undan? „Það er óráðið eins og er, en okkur langar að halda þessu áfram í vetur og kannski spila meira.“ **- kbs**



**LÚÐRASVEITIN SELUR** Nokkrir meðlimir lúðrasveitarinnar þar sem enginn kann á hljóðfærið sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**LÁRÉTT**
**2.** atorka, **6.** ógrynni, **8.** spíra, **9.** æxlunarkorn, **11.** tímabil, **12.** ríki í Mið-Afríku, **14.** vegahótel, **16.** rún, **17.** maka, **18.** blekking, **20.** tvíhljóði, **21.** stefna.

**LÓÐRÉTT**
**1.** fuglsnef, **3.** í röð, **4.** reikistjarna, **5.** samstæða, **7.** framsókn, **10.** hljóðfæri, **13.** munda, **15.** blað, **16.** erlendis, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** kapp, **6.** of, **8.** ála, **9.** gró, **11.** ár, **12.** gabon, **14.** mótel, **16.** úr, **17.** ata, **18.** tál, **20.** au, **21.** ismi.

**LÓÐRÉTT: 1.** gogg, **3.** aá, **4.** pláneta, **5.** par, **7.** framrás, **10.** óbó, **13.** ota, **15.** lauf, **16.** úti, **19.** lm.

Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

FRIÐRIKA HJÖRDÍS: Á LANGT FERÐALAG FYRIR HÖNDUM

# Sjónvarpskokkur stýrir þrautakóngi í Argentínu

„Mér líst vel á þetta, hef horft á þættina með öðru auganu en krakkarnir mínir hafa skemmt sér konunglega yfir þessu,“ segir Friðrika Hjördís Geirsdóttir, sem verður kynnir í íslensku útgáfunni af Wipeout eða Þrautakóngi. Wipeout er að verða eitt helsta æðið í sjónvarpsbransanum um allan heim en sjónvarpsstöðvar frá yfir tuttugu löndum hafa gert slíka þætti.

Friðrika hefur hingað til verið þekktust fyrir matreiðslu sína á skjánum og í tímaritum en að þessu sinni fær hún það verðuga verkefni að kokka upp skondnar og skemmtilegar athugasemdir um gengi keppenda í brautinni hverju sinni. Henni til halds og traust verða síðan stórvinirnir Jói & Simmi sem hafa töluvert meiri reynslu af stjórnun stórra sjónvarpsþátta, samanber Idol-stjörnuleit.

Friðriku líst vel á ferðalagið langa til Argentínu þótt henni sé ekkert sérstaklega vel við að vera svona lengi í burtu frá börnunum sínum. „Nei, en þeir eru í góðum höndum. Það verður bara gaman að koma til þeirra aftur þegar þetta er búið,“ segir Friðrika og bætir því að ferðalagið verði kannski til þess að hreinsa hugann af öllu krepputalinu sem hefur svifið yfir vötnum hér á landi í tæpt ár. „Það fæðist voðalega lítið fallegt í svona neikvæðu umhverfi, þetta hefur vonandi líka góð áhrif á þá sem taka þátt. Þeir komi til baka fullir eldmóðs til að takast á við veturinn.”



**FER TIL ARGENTÍNU** Friðrika Hjördís verður stjórnandi hinnar íslensku útgáfu af Wipeout en 120 Íslendingar fljúga út í þremur hollum og reyna fyrir sér í þessum þrautakóngi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, segir undirbúning fyrir þættina vera í fullum gangi. „Við erum að fljúga út 120 manns í þremur hollum, borga fyrir þau fæði, gistingu og flug, þetta verður bara alveg rosalegt,“ segir Pálmi en skráning hefst klukkan þrjú í dag. Að sögn Pálma verður fyllsta öryggis gætt af heimamönnum, læknir er á svæðinu og svona mætti lengi telja. „Þegar menn eru búnir að vera lengi í brautinni verða þeir stundum þreyttir í fótunum og geta snúið sig,“ segir Pálmi en bendir jafnframt á að ekki hafa átt sér stað nein alvarlega slys.

Keppendum gefst ekki kostur á að fara í generalprufu í brautinni heldur verður þeim bara ýtt beint út í ævintýrið.

Verðlaun fyrir sigur verða síðan ekki aðalatriðið, segir Pálmi. „Nei, við ætlum ekkert að leggja neitt sérstaklega upp úr þeim, auðvitað verður eitthvað fyrir sigurvegarann en þetta snýst aðallega um þetta ævintýri, að taka þátt í þrautakóngi í Argentínu.“

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Á fimmtudaginn verður frumsýndur einleikurinn Hellisbúinn í Loftkastalanum þar sem **Jóhannes Haukur Jóhannesson** bregður sér í hlutverk Hellisbúans. Rúnar Freyr Gíslason leikstýrir en Sigurjón Kjartansson hefur uppfært handritið og lagað að nútímanum. Svo skemmtilega vill til að kona Hellisbúans heitir Rósa en eiginkona Jóhannesar heitir einmitt því sama nafni og er hagfræðingur við Seðlabanka Íslands.

Mamma Gó Gó var kynnt sem „Work in progress“ eða „verk í vinnslu“ á norsku kvikmyndahátíðinni í Haugasundi. Sýndar voru fjórar stuttar stiklur úr myndinni og var gerður góður rómur að því sem menn sáu bregða fyrir augum. Reyndar svo vel að norræni kvikmyndasjóðurinn skrifaði sérstaklega um myndina í grein sem birtist á vefsvæði hans og þar var Mamma Gó Gó sögð hafa öll einkenni **Friðriks Þórs**: næmni, húmor og frábæra kvikmyndatöku. Myndin verður frumsýnd hér á landi 26. desember.



Skrif fyrir Áramótaskaupið ganga vel undir styrkri stjórn **Gunnars Björns Guðmundssonar**. Hópurinn hefur úr ansi miklu að moða og verður að teljast nokkuð lánsamur að stóra Icesave-málið var afgreitt án þess að Spaugstofa RÚV væri búin að gjörnýta það. Þá má ekki gleyma málningarslettunum á hús og bíla auðjöfranna og áfengisneyslu Sigmundar Ernis sem skaupshópurinn getur nýtt sér án þess að fá á sig eftirhermustimpil.



**- fgg**





INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.



Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*



Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*



Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101

# Hittast 20 árum eftir titilinn

Tuttugu ár eru liðin síðan KA-menn urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu í fyrsta og eina sinn. Af því tilefni ætla fyrrverandi leikmenn liðsins að hittast á Akureyri í byrjun september og gera sér glaðan dag.

„Mér líst vel á þetta. Mér sýnist ætla að verða mjög góð mæting,“ segir Erlingur Kristjánsson, sem var fyrirliði KA-manna á þessum árum. „Við höfum reynt að stíla inn á að sem flestir kæmust. Ég held að nánast allir leikmennirnir komist en það er spurning með Þorvald og Guðjón,“ segir hann og á þar við Þorvald Örlygsson, þjálfara Fram, og Guðjón Þórðarson, þjálfara Crewe og fyrrverandi læriföður KA-manna.

Tíu ár eru liðin síðan meistararnir hittust síðast til að halda upp á titilinn og því löngu kominn tími á að menn beri saman bækurnar á nýjan leik. Erlingur segir tilganginn þó ekki endilega að rifja upp glæstar stundir heldur einfaldlega að hittast. „Einhverjir vildu spila fótbolta og gera eitthvað svoleiðis en það er mismunandi ástand á mönnum,“ bætir hann við og kímir.

KA-menn hafa ekki unnið titil síðan Erlingur og félagar fögnuðu sigri og undanfarin ár hefur liðið dvalið í 1. deildinni. Spurður hvort gömlu meistararnir hafi núið þeim KA-mönnum sem á eftir hafa komið titlaleysi þeirra um nasir, segir Erlingur svo ekki vera, enda eigi þeir nógu erfitt með sitt. „En við erum ákaflega grobbnir af þessu. Þetta var frábær árangur á þeim tíma,“ segir hann og er ekki frá því að liðið hans hafi verið það besta í sögu félagsins. „Það er alltaf verið að bera saman þessi KA-lið sem hafa verið í gegnum tíðina. Þetta var heppileg blanda hjá okkur ef svo má segja.“ **- fb**



**MEISTARAR** Erlingur Kristjánsson lyftir Íslandsmeistarabikarnum árið 1989. Leikmenn liðsins ætla að hittast á næstunni til að fagna árangrinum.

# TÖLVU PAKKI

# ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI



## AMD TÖLVUPAKKI

COOLER MASTER · AMD Sempron · acer · Logitech

- Coolermaster Elite midi turn
- 2.7Ghz AMD Sempron X140
- 2GB DUAL DDR2 667MHz
- 320GB SATA II WD
- Innbyggt Geforce 6100 skjástýring
- 19" Acer breiðskjár 5ms
- 8xUSB2, SATA II, serial, parellel ofl.
- Windows Vista Home Basic

VERÐ AÐEINS **99.950**

## ACER FARTÖLVA



acer

### Acer Aspire 5536G-644G50MN

- 2.1Ghz AMD Athlon X2 Mobile QL-64 örgjörvi
- 4GB DDR2 667MHz minni
- 500GB SATA diskur
- 8xDVD±RW Dual Layer og CD-RW skrifari
- 15.6" WXGA LED CineCrystal skjár
- 512MB ATI Mobility Radeon HD 4570 PCI-Express skjákort
- Þráðlaust 802.11bgn netkort
- Talnaborð og vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium

HDMI

**147.950**

## ACER FARTÖLVA



15,4"

acer

### Acer Extensa 5230E-901G16Mn

- 2,2GHz Intel Celeron M 900 örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz PC2 5300 minni
- 160GB SATA2 harðdiskur
- Intel GMA x4500 skjástýring
- 15,4" CrystalBrite skjár
- Windows Vista Home Basic

**79.950**

## ACER FARTÖLVA



17,3"

acer

### Acer Aspire 7735ZG-424G50MN

- 2.0GHz Intel Core Duo T4200 örgjörvi
- 4GB DDR3 1066MHz vinnsluminni
- 500GB SATA harðdiskur
- DVD±RW og CD-RWskrifari
- 17.3" WXGA LED CrystalBrite breiðskjár
- ATI Mobility Radeon HD 4570 skjákort
- Vefmyndavél í skjá
- Windows Vista Home Premium

**157.950**

## TOSHIBA FARTÖLVA



15,4"

TOSHIBA

### Toshiba L300-25L

- 2.2Ghz Intel Celeron M 900 Centrino
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 120GB SATA harðdiskur
- Intel Graphics MA X4500 skjákort
- 15,4" WXGA breiðskjár
- Intel GMA X4500 skjákort
- 8xDVD±RW Dual Layer skrifari
- Windows Vista Home Basic

**89.950**

## INTEL TURNUPPFÆRSLA



### Turn Uppfærsla 3

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

- Intel Core 2 Duo E5200 örgjörvi
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 640GB SATA2 harðdiskur
- Geforce NX9600GT skjákort
- 22x +/- DVD skrifari
- 10/100/1000 netkort

**79.950**

## FARTÖLVUTASKA



### V7-Targus

Taska fyrir15.6" fartölvur

**3.750**

## HARÐDISK FLAKKARI



WD 1TB

### WD Elements

1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

**19.750**

## MARGMIÐLUNARSPILARI



640GB DISKUR

WD

### United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

UNITED

HDMI 720/1080i

**27.950**

## HEYRNARTÓL



PHILIPS

### Philips SHP2000

Ódýr og góð heyrnatól fyrir tónlist eða spila tölvuleiki. 2m snúra með mini jack tengi og frábær hljómur.

**3.250**

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur


## *Hressandi haustið*

Það er farið að hausta. Þó að laufin séu ekki farin að falla ennþá ber golan með sér að stutt sé í næturfrostið. Loftið er svalt og hressandi og það ilmar allt öðruvísi en í sumar. Ef ná á að tína bláberin áður en þau skemmast þarf að hafa hraðar hendur. Skólarnir eru líka að byrja. Skólatöskur og pennaveski eru auglýst í gríð og erg í sjónvarpi og blöðum og lítið fólk með stórar töskur á bakinu er á ferðinni um allan bæ í flokkum. Fyrsti skóladagurinn er jafnan öruggt merki þess að sumarið sé liðið.

**ÞETTA** sumar var auðvitað allt of stutt eins og öll sumur á undan því. Það er varla að sólpallurinn, sem laminn var saman í garðinum í júní, hafi verið notaður nóg. Beðin hefði þurft að hreinsa oftar og gott ef ekki átti að planta einhverjum runnum þetta sumarið. Ekki er enn búið að saga niður dauðu greinarnar af trjánum né smíða utan um ruslatunnurnar. Það verður að bíða næsta sumars. Þó er eins og mig minni að síðasta sumar hafi einmitt það verk líka verið látið bíða.

**GETUR** verið að sumrin séu að styttast? Mig minnir að það hafi yfirleitt verið farið að snjóa þegar fyrsti skóladagurinn rann upp þegar ég gekk í barnaskóla. Honum fylgdu frostbitnar kinnar, ný úlpa og prjónavettlingar en nú eru nýju skólafötin stuttermabolur og strigaskór. Skólinn hófst reyndar seinna í sveitinni en í bænum í þá daga. Fyrst þurfti að smala fé af fjalli og rétta og í það þurfti alla sem vettlingi gátu valdið. Skólinn gat beðið.

**MÉR LEIDDIST** aldrei þó að sumarið tæki enda. Haustinu fylgdi alltaf einhver hressleiki og nýr kafli tók við. Ilmurinn af glænýrri skrifblokk og nýydduðum blýanti var kærkomin tilbreyting eftir svitalykt sumarsins. Fyrsti skóladagurinn var líka alltaf svo skemmtilegur því hann var eiginlega bara frímínútur. Kennararnir spurðu eftir sumrinu, hvað við hefðum verið að bralla, útdeildu bókum og slepptu okkur svo lausum í leik. Það var í þá daga.

**ÉG ÆTLA** heldur ekkert að láta mér leiðast nú, þegar þetta sumar er búið, jafnvel þó að veturinn fram undan líti út fyrir að geta orðið lengri en aðrir vetur. Ég þefa bara upp í goluna. Í hressandi haustsvalanum hljóta að leynast fyrirheit um nýjan kafla eftir allt sem á undan er gengið.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er mánudagurinn 31. ágúst 2009, 243. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.07 | 13.28 | 20.46 |
| Akureyri | 5.46 | 13.13 | 20.37 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





Salurinn á næstunni:

September

Lau 05.09.09 Kl. 17
Opnunartónleikar:
Dýrðleg upplifun
SIGRÚN HJÁLMTÝSDÓTTIR, KRISTINN SIGMUNDSSON OG JÓNAS INGIMUNDARSON
Brahms, Mahler, Donizetti, Gershwin Berlin.





Fim 03.09.09 Kl. 21
Baggalútur
SÓLSKINSTÓNLEIKAR

Mið 09.09.09 Kl. 20
Karlakór í Tíbrá
VOCES MASCULORUM
Sigfús Halldórsson, Ingi T. Lárusson, Wagner, Mozart, Bítlarnir, Mel Brooks og Britney Spears.





Íslenskt? Já takk!
Á 10 ára afmælisárinu býður Salurinn upp á tónleika á fimmtudögum kl. 17:30, frá 27. ágúst til 1. október, þar sem Jónas Ingimundarson fær til sín söngvara í fremstu röð og kynnir íslenskar einsöngsperlur. Aðgangur ókeypis.

Þri 22.09.09 Kl. 20
Selló og píanó í Tíbrá
PAWEL PANASIUK OG AGNIESZKA PANASIUK
Schnittke, Chopin, Rachmaninoff, Schumann, Þorkell Sigurbjörnsson og Sigfús Halldórsson.

Október

Fös 02.10.09 Kl. 20
Uppáhaldslögin okkar
ELLEN KRISTJÁNSDÓTTIR, GUÐRÚN GUNNARSDÓTTIR OG KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR

Fös og lau 16 & 17.10.09 Kl. 20
Ísland/Færeyjar
FRIÐRIK ÓMAR OG JÓGVAN

Lau 03.10.09 Kl. 17
Töfrar í Tíbrá: Píanó
JOHN O'CONNOR
Haydn, Beethoven, Field og Scriabin.
Tónleikarnir eru hluti af írskri menningarhátíð.



Þri 27.10.09 Kl. 20
Saxafónkvartett í Tíbrá
VIGDÍS KLARA ARADÓTTIR, SIGURÐUR FLOSASON, PETER TOMPKINS OG GUIDO BÄUMER
J.S.Bach, Scarlatti, Piazzolla, Pousseur og Shapiro.

Nóvember



Af fingrum fram
með Jóni Ólafssyni og gestum
Fim 15.10.09 kl. 20.30 GUNNAR ÞÓRÐARSON
Fim 29.10.09 kl. 20.30 DIDDÚ
Fim 12.11.09 kl. 20.30 MAGNÚS KJARTANSSON
Fim 26.11.09 kl. 20.30 STEFÁN HILMARSSON

Fyrir fjölskylduna
Barnatónleikar fyrir alla fjölskylduna á sunnudögum kl. 13, í Salnum.



Lau 14.11.09 Kl. 17
Töfrar í Tíbrá: Fiðla og píanó
GERÐUR GUNNARSDÓTTIR OG ANNA GUÐNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR Mozart, Beethoven og Brahms.

Lau 21.11.09 Kl. 17
Söngur og píanó í Tíbrá
HALLVEIG RÚNARSDÓTTIR, SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR OG HRÖNN ÞRÁINSDÓTTIR
Mendelssohn og Schumann.

Lau 9. janúar Kl. 17



Töfrar í Tíbrá: Tveir flyglar
VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON OG RAN DANK
J.S.Bach, Zimmermann, Debussy, Ravel, Mozart, Piazzolla, Lutoslawski og Strauss.

Tryggðu þér miða á **salurinn.is**
Einnig er hægt að kaupa eða panta miða í Salnum virka daga milli kl. 14 og 18 og fram að tónleikum á tónleikadögum. Sími í miðasölu er **5 700 400.**